



**BA-ritgerð
í lögfræði**

Um breytingar og lagfæringar á kröfugerð frá stefnu

Þorgeir Helgason

Ari Karlsson hdl.

Júní 2017



HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

LAGAÐEILD

**BA-ritgerð
í lögfræði**

Um breytingar og lagfæringar á kröfugerð frá stefnu

Þorgeir Helgason

Ari Karlsson hdl.

Júní 2017

EFNISYFIRLIT

1 Inngangur	5
2 Meginreglur einkamálaréttarfars	5
3 Heimildir til breytinga og lagfæringa á kröfugerð frá stefnu	8
3.1 Almennt um heimildir til breytinga og lagfæringa á kröfugerð frá stefnu	8
3.2 Samþykki.....	8
3.3 Framhaldssök.....	11
3.4 Sakaraukning	15
3.5 Heimild til að draga úr kröfu	18
3.6 Heimild til að koma að nýjum varakröfum.....	22
3.7 Leiðréttingar á kröfugerð	23
3.8 Breytingar á kröfu við málskot til Hæstaréttar	25
4 Lokaorð	29
Heimildaskrá	30
Dómaskrá	31

1 Inngangur

Viðfangsefni ritgerðarinnar er að skýra frá því með hvaða hætti hægt er að koma að breytingum eða lagfæringum á kröfugerð frá stefnu. Meginreglur einkamálaréttarfars marka umfjöllunina með ríkum hætti enda hafa þær margar hverjar víðtæk áhrif á kröfugerð í einkamálum. Þar ber helst að nefna útilokunarregluna, en áhrifa hennar gætir t.d. í 80. og 99. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 [hér eftir EML], sem kveða á um að í stefnu beri að greina svo skilmerkilega sem verða má kröfur málsaðila og málsástæður strax í upphafi máls. Þá felur meginreglan um skýran og greiðan málatilbúnað meðal annars í sér að stefnandi hefur ekki ótakmarkaða heimild til þess að koma að breytingum á kröfugerð sína í máli þegar þær hafa verið grundvallaðar í stefnu. Þá verður leitast við að skýra í ritgerðinni hvaða hlutverki málsforræðisreglan leikur þegar kemur að breytingum og lagfæringum á kröfugerð.

Í ritgerðinni verður fyrst fjallað með almennum hætti um þær meginreglur sem hafa hve mest áhrif á kröfugerð í einkamálaréttarfari. Þá verður gerð grein fyrir heimildum stefnanda til breytinga á kröfugerð sem eru stefnda í óhag, eru ívilnandi fyrir stefnda eða hafa engin áhrif á hagi hans. Að síðustu verður fjallað um hvort og hvernig megi koma að breytingum á kröfugerð við málskot til Hæstaréttar.

2 Meginreglur einkamálaréttarfars

Í fræðilegri umfjöllun um einkamálaréttarfars hafa verið settar fram ákveðnar meginreglur. Kenningar fræðimanna, í gegnum tíðina, um meginreglur einkamálaréttarfars hafa verið ákaflega fjölbreytilegar og felst mismunurinn ekki aðeins í landfræðilegri stöðu fræðimanna eða hvenær kenningarnar þeirra voru settar fram. Þrátt fyrir það felst þó í kenningunum að tekin er afstaða, að mestu leyti, til sömu atriða á sviði einkamálaréttarfars.¹ Í fyrsta lagi taka kenningar um meginreglurnar afstöðu til þess hvort aðilar máls eigi að standa jafnir í öllu tilliti eða hvort einhver þeirra eigi að njóta forréttinda eða vera íþyngdur á einhvern hátt við meðferð máls. Í öðru lagi hvort dómari hafi frjálst sönnunarmat eða hvort hann skuli meta sönnunatriði eftir fyrir fram gefnum og föstum reglum. Í þriðja lagi hvort aðilarnir skuli sjálfir ráða á hve hratt mál er rekið og á hvaða tímamarki einstaka atriði koma til sögu eða hvort forræði þeirra á því sé tekið af þeim. Í fjórða og síðasta lagi hvernig verkaskiptingu skuli háttað á milli aðila og dómara. Hvort aðilarnir hafi á höndum forræði á sakarefninu og meðferð málsins eða hvort dómarnir skuli hafa þar afskipti, frumkvæði eða jafnvel forræði.²

¹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfars*, bls. 12.

² Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfars*, bls. 12.

Meginreglurnar geta ekki staðið sjálfstæðar án tillits til ríkjandi réttar, enda eru þær ekki æðri réttarheimild sem sett lög víkja fyrir. Þær skipta þó miklu máli því þær teljast hafa verulegt gildi sem hjálpartæki.³

Mikilvægustu meginreglurnar á sviði einkamálaréttarfars eru reglan um frjálst sönnunarmat, reglan um hraða málsmeðferð, jafnræðisreglan, málsforræðisreglan, reglan um milliliðalaus málsmeðferð, reglan um munnlega málsmeðferð, reglan um opinbera málsmeðferð, sanningsheimildarreglan og útilokunarreglan. Þær meginreglur sem eru hvað mikilvægastar þegar kemur að kröfugerð eru útilokunarreglan, sanningsheimildarreglan og málsforræðisreglan og verður fjallað nánar um þær í þessum kafla.

Útilokunarreglan, sem er stundum nefnd meginreglan um afdráttarlaus málsmeðferð, er ein mikilvægasta meginregla einkamálaréttarfars. Í reglunni felst, að aðilar þurfa sem fyrst við meðferð dómsmála og jafnan strax eftir að tilefni gefst, að koma fram með málsástæður sínar og mótmæli.⁴ Reglan er lögfest í 5. mgr. 101. gr. EML. Áhrifa reglunnar gætir víða í EML og setur hún t.d. mark sitt á 1. mgr. 80. gr. EML um efni stefnu, sem og 2. mgr. 99. gr. laganna um efni greinargerðar stefnda í héraði. Ákvæðin fela í sér að kröfur málsaðila og málsástæður skuli koma fram strax í upphafi máls og hafa málsaðilar takmörkuð úrræði til þess að koma að breytingum við rekstur málsins, gagnaðilanum í óhag.⁵ Þó að áhrif útilokunarreglunnar séu afdrifaríkari við skriflegan málflutning tekur hún einnig til munnlegs málflutnings.⁶

Markmið reglunnar er einkum að tryggja að meðferð máls fyrir dómi gangi greiðlega fyrir sig. Til þess að ná því markmiði er brýnt að við rekstur dómsmáls liggi, svo fljótt sem auðið er og með skýrum hætti hvert deiluefnið sé. Með því móti að tíma sé ekki varið í óþarfa rökstuðning og öflun gagna sem snerta ekki á kjarna málsins né hafa áhrif á niðurstöðu þess. Af þessu leiðir að mikilvægt er að málsaðilar komi sem fyrst fram með kröfur og röksemdir í ákveðinni mynd svo hægt sé að skilja á milli þeirra atriða sem aðilar málsins eru sammála um og þeirra atriða sem þá greinir á um, þ.e. sakarefnið.⁷ Þá er almennt talið að málsaðilum sé heimilt á hvað tímavarki málflutnings sem er, að koma að skýringum á kröfu sem telst vera óskýr.⁸

Með sanningsheimildarreglunni er átt við heimild málsaðila til að semja með bindandi hætti um form- og efnishlið máls. Í kenningum um sanningsheimildarregluna er yfirleitt gengið út

³ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 12-13.

⁴ Jón Steinar Gunnlaugsson: *Um málskot í einkamálum*, bls. 82.

⁵ Jón Steinar Gunnlaugsson: *Um málskot í einkamálum*, bls. 82.

⁶ Einar Arnórsson: *Almenn meðferð einkamála í héraði*, bls. 164

⁷ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 17-18.

⁸ Einar Arnórsson: *Almenn málsmeðferð í héraði*, bls. 164.

frá því að aðilar eigi að hafa víðtæka heimild til þess að semja um efnishlið máls, en takmarkað svigrúm til þess að semja um formhlið þess.⁹ Í EML er byggt á því að réttarfarsreglur laganna séu ófrávíkjanlegar. Frá þessu eru þó undantekningar sem verða þá að styðjast við beina lagaheimild, dómvenju eða eftir atvikum eðli máls.¹⁰ Þær undantekningar sem tengjast helst reglum um kröfugerð er annars vegar að finna í 1. mgr. 111. gr. EML þar sem er að finna heimild til að koma að kröfu, sem kemur ekki fram í stefnu, en sú heimild er bundin því skilyrði að stefndi samþykki að krafan komist að í málinu. Heimildin er þar af leiðandi undantekning frá útilokunarreglunni. Hins vegar er aðila heimilt að koma að nýjum málsástæðum eða mótmælum við rekstur málsins, samþykki gagnaðilinn þær, sbr. 5. mgr. 101. gr. EML.

Hrd. 24. febrúar 2011 (417/2010). Í málinu var fallist á kröfu Ú ehf. vegna vangoldinna verklauna við endurbætur á skipinu S. Í niðurstöðu Hæstaréttar er málsmeðferð fyrir héraðsdómi rakin. Greinargerð var lögð fram í málinu fjórum mánuðum eftir þingfestingu en þá hafði málið verið tekið fyrir fjórum sinnum. Efir það var málið tekið fyrir níu sinnum þar til að gagnaöflun var lýst lokið, rúmu hálfu ári frá þingfestingu. Ellefu mánuðum síðar var kveðinn upp dómur. Í niðurstöðunni gerir Hæstiréttur athugasemdir við málsmeðferðina og telur hana fara í bága við 1. og 2. mgr. 102. gr. EML. Héraðsdómari hafði sjálfstæðar skyldur til þess að tryggja að mál væri rekið með hæfilegum hraða og bar að synja um fresti, sem rök stóðu ekki fyrir til að veita. Því bar héraðsdómara í málinu að synja um frest skv. 2. mgr. 102. gr. laganna þrátt fyrir að báðir aðilar málsins hafi verið sammála um að æskja hans.

Af niðurstöðu þessa dóms má draga þá ályktun að dómara ber að tryggja hæfilegan málshraða, hvort sem það er í óþökk málsaðila eður ei.

Í kenningum um málsforræðisregluna er tekin afstaða til hver hafi forræði á því að mál verði rekið, hvaða kröfur verði fjallað um í málinu, og hvaða staðreyndir, sönnunargögn og röksemdir verði undirstaða niðurstöðu dómsins.¹¹ Í kenningunum er ráðgert, með nokkrum undantekningum að aðilar málsins eigi að hafa forræði á þessum atriðum. Helsti munurinn á málsforræðisreglunni og samningsheimildarreglunni felur þannig í sér að yferráð aðila yfir efnishlið máls, sem aðilarnir njóta eftir fyrrnefndu reglunni, felst í samspili athafna eða aðgerðarleysis hvers aðilans um sig en eru ekki bundin við samning eða samningsígildi þeirra á milli.¹² Málsforræðisreglan felur aðilum máls yferráð yfir sakarefninu sem greina má í sex þætti: Forræði á því hvort mál verði rekið, aðild að máli, röksemdum, kröfugerð, sönnunarfærslu og ágreiningsatriðum.¹³

Málsforræðisreglan sætir undantekningum eins og flestar meginreglur. Í 16. gr. barnalaga nr. 76/2003 er að finna dæmi um undantekningu á málsforræðisreglunni. Ákvæðið veitir

⁹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 19.

¹⁰ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 19-20.

¹¹ Þór Vilhjálmsson: *Réttarfar I*, bls. 9.

¹² Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 20.

¹³ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 21-25.

dómara heimild til að afla sönnunargagna, ef nauðsynlegt þykir, enda hafi hann áður árangurslaust beint því til aðila að afla þeirra. Þá felur 5. mgr. 34. gr. barnalaga í sér að ekki megi, í ágreiningsmálum um forsjá eða lögheimili, hafa uppi kröfu skv. ákvæðinu nema hún hafi verið gerð í stefnu eða greinargerð stefnda.

Eins og áður segir felur málsforræðisreglan aðilum máls forræði á kröfugerð. Samkvæmt ákvæðum 80. og 99. gr. EML skulu málsaðilar setja fram kröfur í stefnu og greinargerð. Kröfugerð aðila máls er á allan hátt undir þeim sjálfum komin en það hefur mikilvæg áhrif á forræði þeirra á máli, því skv. 1. mgr. 111. gr. EML má dómari ekki fara út fyrir kröfur aðila í dómi sínum eða úrskurði. Þannig verður dómari að dæma eftir kröfugerðinni þó hann telji að niðurstaða málsins geti orðið málsaðila hagfelldari ef hann gerði aðra kröfu. Þá felur málsforræðisreglan ekki í sér að málsaðilar geti samið sig frá reglum EML um stefnu og greinargerð.

Hrd. 18. mars 2008 (454/2007). Héraðsdómur var kveðinn upp þann 4. apríl og var ekki tekið tillit í honum til breyttrar kröfugerðar O. Þann 1. júní 2007 var málið tekið fyrir að nýju og dómsorðið leiðrétt með vísan til 3. mgr. 116. gr. EML þannig að tekið var tillit til hinnar breyttu kröfugerðar sem báðir aðilar höfðu lýst sig samþykka. Í forsendum dóms Hæstaréttar segir að ákvæði 3. mgr. 116. gr. EML heimili ekki að gerðar séu efnisbreytingar á dómi eftir uppsögu hans. Efnisbreytingin á niðurstöðu dómsins rúmaðist því ekki innan heimildar dómara til þess að leiðrétta dóm eftir uppsögu hans skv. 2. másl. 3. mgr. 116. gr. Var því dómur héraðsdóms ómerktur og málinu vísað heim í hérað til aðalmeðferðar eftir þörfum, nýs málflutnings og dómsálagningar á ný.

3 Heimildir til breytinga og lagfæringa á kröfugerð frá stefnu

3.1 Almennt um heimildir til breytinga og lagfæringa á kröfugerð frá stefnu

Í þessum kafla verður fjallað um heimildir aðila til þess að koma að breytingum eða lagfæringum á kröfugerð frá útgáfu stefnu. Fyrst verður vikið að heimildum stefnanda til breytinga á kröfugerð sem eru stefnda til óhagræðis. Því næst verður vikið að heimildum til breytinga á kröfugerð sem eru ívilnandi fyrir stefnda eða hafa ekki áhrif á hagi hans. Í lokin verður fjallað um hvort og hvernig megi koma að breytingum á kröfugerð við málskot til Hæstaréttar.

3.2 Samþykki

Í 1. mgr. 111. gr. EML eru heimildum stefnanda til að breyta kröfu sinni undir rekstri máls, frá því sem hefur komið fram í stefnu, settar talsverðar skorður. Skal kröfum, sem ekki eru tilgreindar í stefnu, viðbætur eða breytingar á þeim, stefnda í óhag, vísað frá dómi nema stefndi samþykki að þær komist að í málinu skv. 2. og 3. másl. 1. mgr. 111. gr. EML. Stefnandi og

stefndi geta þó á öllum stigum málsins breytt kröfu sinni til hagsbóta fyrir gagnaðilann. Þetta er greinilegt því gagnálykta má út frá ákvæði 1. mgr. 111. gr. laganna. Þannig hefur stefnandi til dæmis svigrúm til þess að lækka peningakröfu, undir rekstri máls, frá því sem fram kemur í stefnu eða falla með öllu frá einum af mörgum kröfuliðum á hendur stefnda.¹⁴

Hrd. 1997, bls. 13. C höfðaði mál gegn Barnavinafélaginu S og krafðist þess fyrir héraðsdómi að eignarréttur hans að 1/43 hluta fasteignarinnar Steinahlíðar yrði viðurkenndur. Fasteignina hafði C ásamt tveimur systurum sínum gefið Barnavinafélaginu S með gjafabréfi. Í kjölfar þess að héraðsdómur sýknaði Barnavinafélagið S áfrýjaði C dóminum til Hæstaréttar og gerði þá kröfu að Barnavinufélaginu S yrði gert að þola riftun gjafabréfsins fyrir fasteignina að þriðjung hlutar. Breytta orðalagið mætti rekja til þess að C og systur hans væru erfðafestuhafar en ekki eigendur að landi Steinahlíðar og því bæri að skilja kröfur hans í málinu sem kröfu um aðfararhæfan dóm. Í dómi Hæstaréttar segir að 45. gr. laga nr. 75/1973 standi ekki í vegi fyrir að kröfugerð sé lagfærð. Einn dómari skilaði sératkvæði fyrir Hæstarétti þar sem hann taldi breytinguna heimila vegna þess að hún væri gagnáfrýjanda í hag.

Á hinn bóginn geta stefnandi og stefndi ekki aukið við kröfur nema með samþykki gagnaðilans:

Hrd. 7. október 2010 (470/2009). D höfðaði mál á hendur K og H og krafðist greiðslu eftirstöðva kaupverðs ásamt dráttarvöxtum vegna sölu fasteignar. Í kaupsamningi var kveðið á um að kaupverð skyldi greiða í þremur hlutum, en deila aðila stóð um greiðslu síðasta hluta þess. Í samningnum var kveðið á um að greiðsluna skyldi inna af hendi við sölu á annarri fasteign í eigu K og H þó eigi síðar en nánar tiltekinn dag. Við rekstur málsins í héraði juku K og H við kröfu sína og kröfðust útgáfu afsals fyrir fasteigninni úr hendi D gegn greiðslu eftirstöðva kaupverðs. Héraðsdómur tók þessa auknu kröfu til greina. Hæstiréttur taldi skilyrði ekki vera uppfyllt til þess að taka tillit til kröfunnar um útgáfu afsals. Krafan hafði ekki verið höfð uppi í héraðsstefnu né í héraðsgreinargerð og þá var ekki bókað um breytta kröfugerð í endurritum þinghalda í héraði í málinu og væri hún af þeim ástæðum því of seint fram komin.

Hrd. 22. febrúar 2007 (344/2006). H krafðist í máli gegn SI og ST viðurkenningar á rétti sínum til að skipta fasteigninni S á þann hátt að eignarhluti hennar, sem fólst í tveimur landspildum sem voru afmarkaðar með nánar tilgreindum hnitum, yrði sérgreindur og skráður sérstaklega. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti breytti H kröfugerð sinni til samræmis við loftmynd, sem sýndi mörk spildnanna, og tilgreindi hnit á hornpunktum að nokkru önnur en miðað hafði verið við fram að því. Hæstiréttur neitaði að fella dóm á kröfuna, eins og henni hafði verið breytt, enda lægi samþykki stefndu, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 111. gr. EML, ekki fyrir breytingunni á kröfugerðinni. Þá var ekki felldur dómur á upprunalegu kröfuna sökum þess að með breyttu kröfugerðinni var horfið frá henni.

Stefnandi getur í vissum skilningi breytt kröfu sinni með því að beina henni jafnframt að nýjum aðila, sem hann stefnir inn í mál með sakaraukningu skv. 3. mgr. 19. gr. EML. Þá er honum einnig heimilt að koma að nýrri eða aukinni kröfu undir rekstri máls ef það er gert með framhaldsstefnu eftir reglum 29. gr. laganna eða með samþykki stefnda.¹⁵ Í sumum tilvikum getur það horft stefnda til hagsbóta að samþykkja breytingar á kröfum. Með samþykkinu gefst honum kostur á að leysa úr öllum kröfum á hendur sér samtímis og forðast frekari málarekstur

¹⁴ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 168.

¹⁵ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 168.

í framtíðinni. Þá getur hann komist hjá þeim tögum sem kunna að verða á málarekstrinum við útgáfu framhaldsstefnu.

Málsforræðisreglan tekur á því hver það er sem ræður inntaki efnishliðar einkamáls. Samkvæmt reglunni er gengið út frá því að málsaðilar eigi að hafa mest um inntak málsins að segja, þar á meðal úr hvaða kröfum verði leyst í dómsmálinu.¹⁶ Reglan liggur því til grundvallar að aðilar máls geti gert breytingar á kröfum sínum með samþykki gagnaðilans. Samkvæmt 3. mgr. 111. gr. EML er það dómara að meta, eftir atvikum, hvort gagnaðili veiti samþykki eða ekki með því að taka ekki afstöðu til kröfu stefnanda. Hæstiréttur hefur tekið af skarið um hvort heimilt sé að túlka þögn sem samþykki þegar stefndi hefur felld niður varnir.

Hrd. 1994, bls. 2051. J höfðaði mál á hendur H og G og Þ vegna víxils. Eftir að varnir stefndu höfðu fallið niður í héraði krafðist J dráttarvaxta. Héraðsdómur tók auknu kröfuna til greina. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að breyting á kröfugerð, sem héraðsdómari hafði látið komast að málinu, að þingsókn fallinni af hálfu áfrýjenda, fengi ekki að komast að í málinu, enda hefðu áfrýjendur ekki samþykkt að hún kæmist að og að hún væri þeim til íþyngingar.

Mótmæli gagnaðili breytingu á kröfu sér í óhag, þar sem áskilið er samþykki hans eða alltjént þögn hans sem dómari metur sem samþykki, kemst sú krafa ekki að, nema með framhaldsstefnu skv. 29. gr. EML.

Hrd. 3. maí 2012 (248/2012). Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms um að vísa frá dómi varakröfu G hf. á hendur T. hf. T hf. mótmælti varakröfunni sem G hf. taldi rúmast innan aðalkröfu hans. Niðurstaða héraðsdóms var sú að varakrafan byggði á annarri málsástæðu en aðalkrafan og af þeim sökum rúmaðist hún ekki innan aðalkröfunnar. Þrátt fyrir að tími viðbótartilkyrningarfrests hafi verið styttri í varakröfunni en í aðalkröfunni. Var stefnandi því talinn hafa mótað nýja kröfu í málinu og var henni vísað frá dómi.

Hrd. 7. mars 2002, bls. 978 (292/2001). Þ stefndi L hf. og krafðist bóta vegna slyss sem hún hefði lent í þegar hún féll um plaströr sem lá þvert yfir gangstétt. Starfsmenn L hf. höfðu komið rörinu fyrir við lagningu á símalínu. Við aðalmeðferð málsins breytti Þ kröfum sínum með þeim hætti að hún annars vegar lækkaði tvo tilgreinda kröfuliði samtals um rúmar 75 þúsund krónur. Hins vegar hækkaði Þ samtímis kröfu sína um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón um rúmar 330 þúsund krónur. Gegn mótmælum L hf., var niðurstaða Hæstaréttar, að ekki væru uppfyllt skilyrði til þess að Þ gæti komið að hækkun á heildarkröfu sinni vegna kröfuliðs fyrir tímabundið atvinnutjón.

Við meðferð mála kunna nýjar upplýsingar að koma fram sem gefi tilefni til hærri og frekari krafna. Af dómaframkvæmd má ráða að þeim kröfum verður ekki komið að gegn mótmælum gagnaðila. Réttara væri í slíkum aðstæðum að koma slíkum breytingum að með framhaldsstefnu skv. 29. gr. EML.

Hrd. 26. febrúar 2013 (113/2013). Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem A var sviptur sjálfræði í tvö ár. B og C, foreldrar A, höfðu í upphafi máls gert þá kröfu að A yrði sviptur sjálfræði í sex mánuði en eftir að málið var tekið til meðferðar kröfðust þau þess að það yrði gert ótímabundið. A mótmælti lögræðissviptingunni og jafnframt því að viðbótarkrafa B og C um

¹⁶ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 20.

ótímabundna sjálfræðissviptingu fengi að komast að í málinu þar sem hún væri of seint fram komin. Héraðsdómur féllst ekki á síðari kröfu A vegna þess að nýjar upplýsingar hefðu komið fram í málinu. Í dómi Hæstaréttar var ekki fallist á skýringar héraðsdóms. Í 1. mgr. 8. gr. lögræðislaga nr. 71/1997 er kveðið á um form og efni kröfu um lögræðissviptingu, þ. á m. segir í d. lið hennar að sé krafist tímabundinnar lögræðissviptingar skuli tilgreina til hve langs tíma það skuli gert. Þá segir í 1. mgr. 10. gr. laganna að mál til sviptingar lögræðis sæti almennri meðferð einkamála með þeim frávikum sem í lögnum greinir. Af þeim sökum var héraðsdómari bundinn af upphaflegri kröfu B og C um að A yrði sviptur sjálfræði í sex mánuði.

Í dómaframkvæmd hefur Hæstiréttur ekki áskilið samþykki gagnaðila til lagfæringa og breytinga á kröfugerð þegar leiðbeiningarskyldu skv. 4. mgr. 101. gr. EML gagnvart ólöglærðum aðilum hefur verið ábótavant í héraði.

Hrd. 1998, bls. 2445. Í málinu var deilt um forsjá sonar A og H. A höfðaði mál á hendur H og krafðist að sér yrði dæmd forsjá sonar þeirra. Í málinu tók H til varna og ritaði sjálfur greinargerð sem var lögð fram á dómþingi, rúmum mánuði eftir að málið var þingfest í héraði. Í greinargerðinni krafðist H meðal annars að A yrði gert að setja tryggingu fyrir greiðslu málskostnaðar. Við mat á því hvort krafan hefði komið fram nægilega fljótt leit Hæstiréttur m.a. annars til þess að H var ekki löglærður og fór sjálfur með málið á fyrstu stigum þess. Honum hafi ekki verið fengnar leiðbeiningar um rétt sinn til þess að krefjast tryggingar fyrir málskostnaði. Samkvæmt því og með hliðsjón af lokaorðum 5. mgr. 101. gr. EML var litið svo á, að H hafi gert kröfu um málskostnaðartryggingu nægilega fljótt.

Hrd. 27. janúar 2005, bls. 325 (350/2004). Þ taldi að Garðyrkjuskóli ríkisins hefði vanefnt samning við hana og að sér hefði verið mismunað eftir kynferði við stöðuveitingu hjá Garðyrkjuskólanum. Höfðaði hún því mál gegn ríkinu og krafðist skaðabóta. Málið rak hún sjálf, ólöglærð, á báðum stigum. Kröfugerð hennar í héraði var ekki að öllu leyti í samræmi við ákvæði EML, þar sem hluta málsástæðna var blandað inn í dómkröfuna. Er Þ hafði fengið leiðbeiningar um þetta fyrir Hæstarétti skv. 4. mgr. 101. gr., sbr. 166. gr. laganna, lagfærði Þ kröfugerð sína og tók Hæstiréttur afstöðu til málsástæðna og krafna Þ eftir því.

3.3 Framhaldssök

Hæstiréttur hefur í dómaframkvæmd oft vísað til óskráðrar meginreglu einkamálaréttarfars um skýran og greiðan málatilbúnað. Í þessari óskráðu reglu felst, meðal annars, að stefnandi hefur ekki skefjalausan rétt, eftir að hann hefur lagt grundvöll að máli sínu með útlistun sakarefnis í stefnu, til þess að auka við kröfu sína í máli. Honum ber að afmarka sakarefni dómsmáls skýrlega allt frá upphafi þess og er það ljóst af ákvæðum EML, til dæmis af 80. og 99. gr. laganna, um stefnu og og greinargerð stefnda, að þessi óskráða regla liggur að baki ákvæðum EML.¹⁷

Í 29. gr. EML er mælt fyrir um heimild til höfðunar framhaldssakar. Samkvæmt ákvæðinu er heimilt, með framhaldsstefnu, að auka við fyrri kröfu eða hafa uppi nýja kröfu í máli eftir þingfestingu en fyrir aðalmeðferð þess ef skilyrðum 1. mgr. 27. gr. laganna er fullnægt og það verður ekki metið aðilanum til vanrækslu að hafa ekki gert kröfur sínar í einu lagi í öndverðu.

¹⁷ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 133-134.

Höfðun framhaldssakar er eingöngu nauðsynleg, fáist stefndi ekki til þess að veita samþykki fyrir aukningu við fyrri kröfur, sbr. 1. mgr. 111. gr. EML.¹⁸

Heimildin í 29. gr. felur í sér undantekningu frá þeim almennu reglum að kröfur stefnanda skuli settar fram strax í stefnu og að stefnanda sé ekki heimilt að hækka kröfu eða breyta henni stefnda í óhag, án samþykkis hans, sbr. 2. og 3. másl. 1. mgr. 111. gr. EML. Þá er einnig að finna undantekningu frá útilokunarreglunni í 29. gr. EML um höfðun framhaldssakar. Í meginreglunni um afdráttarlausu meðferð máls, sem alla jafna er nefnd útilokunarreglan, og er ein mikilvægasta grundvallarreglan sem EML byggja á, felst fyrst og fremst takmörkun á því að aðilar málsins dragi ný atriði inn í málið og fyrst verði uppvíst um ágreiningsatriði í því á seinni stigum. Samkvæmt reglunni þurfa aðilarnir að hafa uppi kröfur sínar, lýsingu á atvikum máls og röksemdum sínum og mótmæli gegn kröfum, rökum og yfirlýsingum gagnaðila jafnharðan og efni eru til, en að öðrum kosti komist slík atriði ekki að.¹⁹

Í dómnum sem reifaður er hér á eftir hafði stefnandi reynt að koma að kröfu með framhaldssök. Þeirri kröfu var vísað frá og er dómurinn skýrt dæmi um útilokun málsástæðna. Undir rekstri málsins reyndi stefnandinn að bæta úr óskýrri kröfu í stefnu, um greiðslu hlutdeildar í verðmæti afla, með framhaldssök en þóttu þær bollaleggingar andstæðar meginreglunni um skýran og afdráttarlausan málflutning.

Hrd. 1996, bls. 3531. Skipverjanum Ö var sagt upp störfum með þriggja mánaða fyrirvara 9. desember 1993. Honum voru greidd þau laun, sem hann átti tilkall til í uppsagnarfresti til loka janúarmánuðar 1994. Eigandi skipsins, Ó, taldi hins vegar fram að Ö hefði glatað rétti til frekari launa í uppsagnarfresti, þar hann hefði látið fyrir farast að sinna kalli um að fara til skips í veiðiferð, sem hófst 15. janúar 1994. Ö var ekki látinn bera hallann af fjarvist sinni vegna þess að ekki hafði verið sýnt fram á með skýrum hætti að skipstjórinn hefði kvatt hann til skips, sbr. 59. gr. sjómannalaga nr. 35/1988. Var krafa Ö um laun í uppsagnarfresti því tekin til greina. Með framhaldsstefnu í héraði krafðist Ö þess einnig, að Ó, eigandi skipsins, yrði dæmdur til að greiða sér viðbót við aflahlut af af þeim mismuni, sem væri í fyrsta lagi á útsöluverði fiskafllans á markaði og í öðru lagi á verðmæti skv. samningi útgerðarinnar við fiskverkun í eigu Ó. Fyrir héraðsdómi var talið að þessi þáttur dómkragna Ö væri haldinn alvarlegum annmörkum og þótti grundvöllur dómkragnanna og málsatvikalýsing þeirra vera á reiki. Þá voru kröfurnar hvorki studdar af málsástæðum né röksemdum, framan af, við rekstur málsins fyrir héraðsdómi. Með vísan til meginreglu EML um skýran og afdráttarlausan málflutning og til d- og e-liðar 1. mgr. 80 gr. EML var þessari kröfu Ö vísað frá héraði, af sjálfsdáðum.

Í 29. gr. EML er höfðun framhaldssakar bundin því skilyrði, að aukningin við fyrri kröfur með framhaldsstefnu, sé eingöngu heimilud áður en kemur að aðalflutningi í frumsök. Heimild til höfðunar framhaldssakar var að finna í 2. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Í þeim lögum var þó ekki að finna tímamark til höfðunar framhaldssakar og var því ákveðið við setningu nógildandi EML að áskilja fyrrgreint tímamark. Röksemdirnar sem færðar

¹⁸ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 134.

¹⁹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 17-18.

voru fyrir innleiðingu tímamarksins voru að það myndi auka skilvirkni við rekstur máls og draga úr hættu á því að hróflað yrði við grundvelli þess þegar komið væri að lokastigum málarekstrar.²⁰

Heimildin um höfðun framhaldssakar hefur mikla þýðingu í réttarframkvæmd enda felst í henni mikið hagræði fyrir aðila máls og dómstóla, hvort sem litið er á kostnaðinn sem fylgir rekstri einkamáls eða þess tíma sem það tekur. Málsaðilar hafa báðir hagsmuni að ágreiningur þeirra í millum sé leystur í einu máli eða sem fæstum málum.

Atvik geta verið með þeim hætti að stefnandi hafi ekki haft, þegar hann höfðaði mál í upphafi, vitneskju um kröfu á hendur stefnda eða að útistandandi krafa hans á hendur stefnda hafi ekki verið fallin í gjalddaga á þeim tíma.²¹ Þá kann stefnandi að hafa vanmetið tjón sitt í upphafi þegar hann höfðaði skaðabótamál eða að höfðuð sé framhaldssök þegar fjárkröfur hafa verið vanmetnar í útistandandi dómsmáli. Í slíkum málum er algengt að framhaldssök sé höfðuð, hafi dómkvaddur matsmaður metið verðgildi mun hærra en áætlað var í stefnu, og matið fæst fyrst undir rekstri málsins.

Hrd. 28. apríl 2011 (204/2011). Máli S á hendur E, R og F var vísað frá héraðsdómi án kröfu. S fór fram á skaðabætur vegna líkamstjóns sem hann varð fyrir í slysi 2. mars 2005. Í úrskurði héraðsdóms var talið að kröfugerð S væri því marki brennd að örðugt væri skilja útreikninga kröfunnar og á hverju þeir byggðust. Hefði S mótað algerlega nýja kröfugerð í málinu með framhaldsstefnu og væri kröfugerð hans svo óskýr að óhjákvæmilegt væri að vísa málinu frá dómi af sjálfsdáðum. Í niðurstöðu Hæstaréttar kemur fram að S var heimilt að auka við fyrri kröfur með höfðun framhaldssakar. Kröfugerð S hefði verið flókin en í framhaldsstefnu og endanlegri kröfugerð væru forsendur hennar útskýrðar. Málið þótti því vera fullreifað af hálfu S og ekki þótti mega sjá að gagnaðilum hafi sökum þess verið gert erfitt að verja sig fyrir dómi. Hæstiréttur felldi hinn kærða úrskurð úr gildi og lagði fyrir héraðsdóm að taka málið til efnislegrar meðferðar á ný.

Aftur á móti geta mál sem rekin eru á milli margra aðila og varða margar kröfur verið tímafrek og þung meðferðar og þar af leiðandi til óhagræðis fyrir alla hlutaðeigandi. Sökum þessa hefur heimildin til höfðunar framhaldssakar verið bundin frekari skilyrðum. Annars vegar er áskilið í 29. gr. EML að skilyrðum 1. mgr. 27. gr. EML verður að vera fullnægt. Það er að frumkrafan og framhaldskrafan séu annað hvort samkynja eða eigi rætur að rekja til sama atviks, aðstöðu eða löggernings, sbr. 1. mgr. 27. gr. EML.²² Hins vegar er áskilið í 29. gr. að ekki megi kenna vanrækslu um að kröfurnar hafi ekki báðar eða allar komið fram þegar í byrjun. Almennt verður trauðla sett fram regla um hvenær vanrækslu er að ræða enda er mat á því afstætt og háð atvikum hverju sinni. Til að varpa ljósi á hvað Hæstiréttur leggur til grundvallar í mati sínu verður litið til nokkurra dóma.

²⁰ Alþt. 1991-92, A-deild, bls. 1079.

²¹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar* bls. 133.

²² Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 133.

Hrd. 20. ágúst 2001, bls. 2729 (237/2001). J höfðaði mál á hendur A sf. og fleirum með stefnu 17. nóvember 1999. Málið var þingfest 11. janúar 2000 og úthlutað dómara 4. apríl sama ár. Eftir að héraðsdómari fékk málinu úthlutað, tók hann það fyrir í sjö skipti áður en það var tekið til aðalmeðferðar 31. maí 2001. Fyrst við aðalmeðferðina óskaði stefnandi eftir því að höfða framhaldssök í málinu, þar sem aukið var við kröfu samkvæmt stefnu. Var framhaldssökinni mótmælt af stefndu. Héraðsdómur taldi að stefnandi hefði getað með einföldum hætti höfðað framhaldssök í málinu löngu fyrr og vísaði henni frá. Framhaldssökin byggðist á skjali sem hafði verið lagt fram á dómþingi rúmu ári áður en aðalmeðferðin hófst og því var talið að vanrækslu væri um að kenna að framhaldssökin hefði ekki verið höfðuð fyrr. Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms með skírskotun til 29. gr. EML.

Hrd. 21. nóvember 2006, bls. 4965 (582/2006). G, eigandi fasteignar, krafði Olúverslun Íslands (O) um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar, vegna tjóns sem varð þegar olía lak í drenlagnir fasteignar G. Talsverðir gallar voru á stefnu og kröfugerð G og krafðist O frávísunar málsins. G brást við með því að höfða framhaldssök þar sem kom m.a. kom fram að mistök hefðu orðið við kröfugerð í frumsök. Úr þeim væri bætt með framhaldssökinni og kröfufjárhæðir færðar í rétt horf en við það hækkaði krafa G um 1.400.000 krónur. Héraðsdómur féllst á með O að G hefði ekki sýnt fram á að hann hefði ekki átt þess kost að gera allar kröfurnar í einu lagi strax í upphafi og vísaði málinu frá dómi. Hæstiréttur féllst á með héraðsdómi að skilyrði 29. gr. EML hefðu ekki verið til staðar til höfðunar framhaldssakar. Því yrði að meta G til vanrækslu að hafa ekki sett fram kröfurnar samtímis í héraðsstefnu og vísaði Hæstiréttur af þeim sökum framhaldssökinni frá dómi en lagði fyrir héraðsdómara að taka málið fyrir samkvæmt frumstefnunni.

Hrd. 30. september 2008 (489/2008). Héraðsdómur vísaði sakaraukningu og framhaldssök frá í máli þar sem þrotabú T hf. hafði áður höfðað mál gegn E ehf. og krafðist riftunar á afsali T hf. á nánar tilgreindri byggingarlóð og til greiðslu 7.5 milljón króna með nánar tilgreindum vöxtum. Fjárhæðin byggðist á mati löggilts fasteignasala og var gerður sá fyrirvari í stefnu að ef stefndi mótmælti upphæð kröfunnar yrði matsmaður dómkveðinn, sem og varð raunin. Samkvæmt mati dómkvaddis matsmanns var verðmæti lóðarinnar hærra en upphafleg krafa hljóðaði upp á og gaf stefnandi því út framhaldsstefnu þar sem krafan var samræmd matinu. Stefnandi var talinn, fyrir héraðsdómi, hafa átt möguleika á því, frá upphafi málsins, að gera kröfu um hærri fjárhæð en byggði á mati löggilta fasteignarsalans. Sökum þessa var niðurstaða héraðsdóms sú, að stefnandi hefði gerst sekur um vanrækslu í skilningi 29. gr. EML, og var málinu vísað frá. Hæstiréttur komst að öndverðri niðurstöðu og taldi að eins og atvikum málsins væri háttað væru skilyrði 29. gr. laga nr. EML til að auka við fyrri kröfu í málinu fyrir hendi og að ekki bæri að meta þrotabúinu til vanrækslu að hafa ekki gert kröfur á hendur E ehf., í einu lagi, í upphafi. Stefnandi hafði áskilið sér rétt til að kveða til dóms matsmanns, ef stefndi mótmælti mati löggilta fasteignasalans. Þá hefði aukning á fyrri kröfu hvorki verið til þess fallin að raska grundvelli málsins né að auka E ehf. vinnu við vörn sína. Af þeim sökum var stefnanda ekki metið til vanrækslu, að hafa ekki krafist þess að kveðinn væri til dóms matsmaður, þegar málið var þingfest.

Hrd. 28. apríl 2011 (204/2011). Málsatvik dómsins eru reifuð fyrr í kaflanum. Hæstiréttur taldi að það yrði ekki metið S til vanrækslu að hafa ekki gert kröfur sínar í einu lagi í upphafi málsins. Þá sagði í niðurstöðu Hæstaréttar að gagnaðilum S hefði ekki verið gert erfitt fyrir um varnir þó að framhaldsstefnan kæmist að.

Þegar þessir dómar eru skoðaðir má draga ályktanir á því mati sem Hæstiréttur beitir við athugun á því hvort vanræksla í skilningi 29. gr sé til staðar. Niðurstaðan í *Hrd. 1948, bls. 115*, þar sem reynt var að koma að algerlega nýrri kröfu, virðist byggja á strangara mati á því hvort stefnandi verði sakaður um vanrækslu en t.d. *Hrd. 1968, bls. 1080* og *Hrd. 1971, bls. 762*, þar sem framhaldssök var höfðuð til að koma að hækkun á fyrri kröfu. Í síðari dómunum tveimur virðist mat Hæstaréttar byggja á viðhorfi réttarins á því hvort framhaldssökin leiði til

réttarfarsþyngsla. Draga má þá ályktun að beiting 29. gr. EML sé því ólík þegar við kemur annars vegar nýrri kröfu og hins vegar hækkun á kröfu.²³ Teljist mál flækjast óhóflega við höfðun framhaldssakar eða hafi hún í för með sér mikið óhagræði fyrir gagnaðila eru auknar líkur á að dómurinn líti svo á að vanræksla sé til staðar. Í *Hrd. 28. apríl 2011 (204/2011)* var ekki fallist á andmæli stefndu við höfðun framhaldssakar þar sem engar vísbendingar voru um að stefndu væri gert að grípa til varna. Þá gerir Hæstiréttur greinarmun á beitingu 29. gr. EML hvað varðar annars vegar framhaldsstefnu sem byggir á nýjum upplýsingum, sem ekki lágu fyrir við gerð frumstefnu, og hins vegar framhaldsstefnu sem byggir á upplýsingum sem voru fyrirbyggjandi þegar stefna var gefin út. Í *Hrd. 30. september (498/2008)* var ekki talið að vanræksla teldist vera fyrir hendi í framhaldssök sem byggði á nýjum upplýsingum. Hins vegar taldist hún vera til staðar í *Hrd. 20. ágúst 2001, bls. 2729 (237/2001)* en í þeim dómi hafði skjalið sem framhaldssökin byggði á verið lagt fram á dómþingi rúmu ári áður en framhaldssökin var höfðuð. Það virðist, af dómaframkvæmd Hæstaréttar, vera metið framhaldsstefnanda til tómlætis ef miklar tafir verða á höfðun framhaldssakar.

Sé framhaldssök höfðuð í andstöðu við skilyrði 29. gr. EML leiðir það til frávísunar frá dómi. Af skírskotun 29. gr. EML til 1. mgr. 27. gr. laganna má draga þá ályktun að frávísun sé háð kröfu stefnanda ef sá annmarki er á framhaldssökinni að hún er hvorki samkynja né samrætt frumkröfunni, sbr. *Hrd. 29. október 2009 (685/2008)* þar sem segir í forsendum Hæstaréttar m.a. „Fyrir Hæstarétti hefur enginn áfrýjenda gert kröfu um frávísun og kemur því ekki til álita að vísa frá dómi hluta krafna áfrýjendanna [OR] og [PH] á grundvelli 27. gr. laga nr. 91/1991.“ Ef annmarkinn er hins vegar sá að stefnandi hefði getað haft framhaldskröfu sína uppi frá öndverðu og það verður metin vanræksla af hálfu stefnanda að hafa ekki haft kröfuna uppi fyrr verður að álykta að dómara sé heimilt að vísa framhaldssök frá dómi án kröfu. Byggir það á því sjónarmiði að dómstóllinn þurfi ekki að sæta því að höfðun framhaldssakar valdi röskun á máli að óþörfu.

3.4 Sakaraukning

Í 3. mgr. 19. gr. EML er getið um heimild til sakaraukningar. Í henni felst að stefnanda er heimilað að stefna nýjum aðila í mál að aflokinni þingfestingu þess til þess að þola dóm með þeim, sem var upphaflega stefnt. Orðalagið að aðeins sé heimilað að stefna nýjum aðila í mál bendir til þess að sakaraukning geti aðeins átt sér stað til þess að fjölga samlagsaðilum til varnar

²³ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 133.

í málinu. Henni verður ekki beitt til þess að fjölga stefnendum í máli, því stefnandi getur aldrei knúið aðra til að eiga aðild með sér, hvorki með því að stefna þeim í byrjun eða síðar.²⁴

Fyrir sakaraukningu eru tvö skilyrði, í fyrsta lagi þurfa skilyrði samlagsaðildar að vera til staðar, það felur í sér að dómkröfunnar séu samrættar og heimilt hefði verið að beina kröfum að báðum eða öllum stefndu þegar í upphafi. Í annan stað má sóknaraðila ekki verða metið til vanrækslu að hann hafi ekki stefnt nýja aðilanum áður en málið var þingfest.

Tilgangur skilyrðisins um að stefnanda verði ekki metið til vanrækslu að hafa ekki stefnt nýja aðilanum fyrir þingfestingu byggir á því sjónarmiði að komið sé í veg fyrir óþarfa röskun á máli og er það svipað sjónarmið og á við um framhaldssök.²⁵ Röskun sakaraukningar á máli felst einkum í því að sé nýjum aðila bætt við málið þarf hann að fá að koma kröfum sínum, gögnum og röksemdum að í málinu. Það getur íþyngt, í fyrsta lagi frumstefnda, sem þarf að taka tillit til málatilbúnaðar hins nýja aðila, og í annan stað dómstólum, sem þurfa að leysa úr umsvifameira máli, sem getur tafið rekstur málsins. Þá þarf stefnandi að hafa afsökun á reiðum höndum fyrir því, hvers vegna hann stefndi ekki þeim aðila, til að svara til sakar, í upphafi málsins. Það telst ekki gild afsökun að stefnanda hafi orðið á mistök eða hann hafi vanrækt að huga að augljósum atriðum fyrir höfðun málsins. Það er einkum í þeim tilvikum, þegar stefnandi verður fyrst vís um að hann hafi kost á að beina kröfum að fleirum en frumstefnda, eftir að varnir þess síðarnefnda hafa komið fram, eða sá kostur kom fyrst í ljós í gagnaöflun eftir þingfestingu, að heimild til sakaraukningar er til staðar.²⁶

Það er hægara sagt en gert að setja fram reglu með almennu móti, um hvenær vanræksla telst hafa átt sér stað við sakaraukningu, eins og í tilfellum framhaldssakar. Mat á því er enda afstætt og háð atvikum hverju sinni. Til rannsóknar hvað Hæstiréttur leggur til grundvallar í mati sínu verða nokkrir dómar reifaðir.

Hrd. 30. apríl 2012 (266/2012). K höfðaði mál á hendur Tryggingastofnun ríkisins og íslenska ríkinu (Í). Vegna útivistar Í var málið dómtekið á hendur því og var þeim hluta er ríkið varðaði vísað frá dómi, að kröfu þess, vegna galla á málatilbúnaði K. Lagði K því fram saukaukastefnu á hendur Í við fyrirtöku í því máli sem eftir stóð. Í úrskurði héraðsdóms, sem staðfestur var af Hæstarétti með vísan til forsendna hans var talið að vanreifun K, hvað varðar málatilbúnað á hendur Í, yrði að jafna til vanrækslu í merkingu 3. mgr. 19. gr. EML. Þá sagði í niðurstöðu dómsins að skilyrðinu um að höfðun sakaukasakar megi ekki að rekja til vanrækslu sé ætlað að koma í veg fyrir að máli verði raskað með því að nýjum aðila sé aukið við mál, nema afsakanlegt teljist, að stefnandi hafi ekki, fyrir þingfestingu frumsakar, stefnt honum. Var talið ljóst í málinu að ef sakaraukningin yrði heimiluð í málinu myndi það raska talsvert framgangi málsins, sem hafði þá þegar tafist verulega af réttarfarslegum ástæðum.

²⁴ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 76.

²⁵ Þór Vilhjálmsson: *Réttarfar II*, bls. 29.

²⁶ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 76.

Hrd. 24. ágúst 1999, bls. 3059 (247/1999). J og M stefndu þeim SI, ST og G vegna deilna um samninga um sölu á greiðslumarki mjólkur og var stefnan þingfest þann 3. mars. 1999. Með sakaukastefnu, sem birt var 23., 24. og 29. sama mánaðar, var kröfum fyrst beint að varnaraðilum málsins. Í niðurstöðu héraðsdóms, sem staðfest var með athugasemd frá Hæstarétti var talið, að þrátt fyrir að stuttur tími hafi liðið frá því að aðalmálið var þingfest yrði að meta þetta til vanrækslu af hálfu stefnenda og var málinu vísað frá dómi með vísan til 3. mgr. 19. gr. EML. Í athugasemd Hæstaréttar kom fram að stefnendur hefðu ekki fært fyrir því viðhlítandi rök að þeim yrði ekki metið til vanrækslu að hafa ekki gert kröfur á hendur varnaraðilum strax í upphaflega málinu.

Hrd. 16. desember 2010 (647/2010). Í málinu var deilt um eignarrétt að tilgreindum skika jarðarinnar Tjörvastaða í Rangárþingi ytra, sem Landgræðsla ríkisins taldi að hefði verið afsalað til sín 15. júní 1945. Málið var höfðað af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra gegn Skógræktarfélagi Rangæinga og E. G og H var hins vegar stefnt til réttargæslu. Þá var H stefnt inn í málið með sakaukastefnu þegar í ljós kom að hún taldi sig eiga land innan kröfusvæðis sóknaraðila. Í niðurstöðu héraðsdóms var talið að ekki væri hægt að bæta úr þeim annmarka, að öllum eigendum jarðarinnar hafi ekki verið stefnt í upphafi, með sakaukastefnu. Í niðurstöðu Hæstaréttar var talið að sóknaraðila yrði ekki metið til vanrækslu að hafa ekki stefnt varnaraðilanum H áður en málið var þingfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. EML. Var því lagt fyrir héraðsdóm að taka málið á ný til efnismeðferðar.

Hrd. 16. nóvember 2010 (600/2010). Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem máli E á hendur F og B var vísað frá dómi. Málið átti rætur að rekja til sölu E á fasteign til S. E kvað S hafa hafa vanefnt kaupsamninginn og höfðaði mál á hendur honum og fasteignasalanum P. Þá höfðaði E síðar annað mál þar sem hann sakaukastefndi fasteignasalanum B og fasteignasölunni F en kaupsamningurinn um fasteignina var gerður á F og starfaði B þar sem löggiltur fasteignasali. Niðurstaða héraðsdóms var að uppfyllt væru skilyrði 3. mgr. 19. gr. EML til höfðunar sakauka á hendur F en ekki á B og vísaði því héraðsdómur kröfu á hendur B frá dómi. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðuna varðandi B með vísan til forsendna. Í niðurstöðunni var talið að stefnandi hefði ekki gert grein fyrir því hvers vegna það ætti ekki að meta honum til vanrækslu að hafa ekki gert kröfu á hendur B í upphaflega málinu, en nafn B hafði þegar komið fyrir í skjölum aðalmálsins.

Hrd. 1994, bls. 2110. J höfðaði mál á hendur F hf. til greiðslu launa fyrir skipstjórn og sakaukastefndi D hf. til að þola dóm um staðfestingu sjóðveðsréttar í skipi. Í héraði var kröfu F hf. um frávísun krafna hrundið, en krafa D hf. um frávísun tekin til greina. J kærði þá niðurstöðu til Hæstaréttar sem felldi úr gildi úrskurð héraðsdóms um frávísun krafna á hendur D hf. Þegar J höfðaði málið var F hf. eigandi skipsins samkvæmt veðbókarvottorði en eftir að málið var höfðað rifti D hf. sölu skipsins til F hf. J gaf út stefnu í sakaukasök gegn D hf., jafnaskjótt og greinargerð F hf. í málinu var komin fram og það var ekki metið honum til vanrækslu, sbr. 3. mgr. 19. gr. EML, að hafa ekki stefnt D hf. áður en málið var þingfest.

Af dómunum má draga ýmsar ályktanir varðandi mat dómstóla á hvort vanræksla hafi átt sér stað. Mat þeirra byggir t.d. á því hve mikil röskun verður á meðferð upphaflega málsins fyrir dómstólum og frá sjónarhóli aðila málsins. Í *Hrd. 30. apríl 2012 (266/2012)* var litið til þess, við mat á vanrækslu stefnanda, hvort sakaraukningin myndi raska verulega framgangi málsins. Hér virðist Hæstiréttur líta til svipaðra atriða við mat á því hvort um vanrækslu sé að ræða í málum sem varða sakaraukningu og framhaldssök. Þá má draga þá ályktun af dómnum að vanreifun málatilbúnaðar í upphaflegu máli er jafnað til vanrækslu í merkingu 3. mgr. 19. gr. EML. Af *Hrd. 1994, bls. 2110* og *Hrd. 16. desember 2010 (647/2010)* var það ekki metið stefnendum til vanrækslu að hafa höfðað sakaraukningu vegna þess að sakaraukningin byggði

á nýjum upplýsingum. Í *Hrd. 16. nóvember 2010 (600/2010)* var hins vegar metið stefnanda til vanrækslu að hafa láðst að gera kröfur gegn sakarstefnda í upphaflega málinu. Þá má draga þá ályktun af *Hrd. 24. ágúst 1999, bls. 3059 (247/1999)* að um vanrækslu geti verið að ræða ef stefnanda var mögulegt að gera kröfur að varnaraðila, strax í upphaflega málinu, þrátt fyrir að stuttur tími hafi liðið frá þingfestingu fram að höfðun sakaukasakar. Þótt orðalagið í 3. mgr. 19. gr. EML sé það sama og gildi í eldri lögum var reglunni beitt öðruvísi í eldri framkvæmd. Þetta sést t.d. af *Hrd. 1954, bls. 565*, þar sem átján mánuðir liðu frá því að málið var þingfest þar til sakaraukningin var höfðuð, og *Hrd. 1963, bls. 222*, þar sem tvö ár liðu. Í báðum málunum virðist stefnandi ekki hafa átt sér neinar málsbætur fyrir því að málsókn hafi ekki verið beint gegn sakaraukastefnda í upphaflega málinu.²⁷

Að lokum er rétt að geta heimildar málsóknarfélaga, í 3. mgr. 19. gr. a. EML, til aukningar dómkrafna í þágu nýs félagsmanns málsóknarfélagsins. Samkvæmt 19. gr. a. er þremur aðilum eða fleiri, sem eiga samrættar kröfur, heimilt að láta málsóknarfélag, sem þeir eiga hlut að, reka í einu lagi mál um kröfur þeirra allra. Málsóknarfélag skal stofnað til að reka tiltekið mál fyrir dómi og er hvorki heimilt að takmarka ábyrgð félagsmanna á skuldbindingum félagsins né láta það starfa við annað en rekstur málsins og eftir atvikum fullnustu á réttindum félagsmanna og uppgjör krafna þeirra. Ákvæðið er tiltölulega nýlegt í íslenskri löggjöf en á sér fyrirmynd í rétti annarra ríkja. Samkvæmt 2. málsl. 3. mgr. 19. gr. a skal breyting á dómkröfum gerð með framhaldsstefnu en skilyrði 29. gr., að félaginu verði ekki metið til vanrækslu að hafa ekki gert kröfur sínar í einu lagi í upphafi, hefur ekki áhrif á þær breytingar. Félaginu er heimilt að nýta þessa heimild eftir að mál er höfðuð fram til þess að aðalmeðferð hefst. Að baki þessu býr það sjónarmið að það er í raun hagræði fyrir alla að sem flestir taki þátt í rekstri dómsmálsins.²⁸ Þá er félagsmönnum heimilt að segja sig úr málsóknarfélagi, skv. 4. mgr. 19. gr. a. EML, að máli höfðuðu. Félaginu ber þá að breyta dómkröfum sínum í samræmi við úrsögnina.

3.5 Heimild til að draga úr kröfu

Auknum kröfum verður ekki komið við á annan hátt en getið hefur verið hér að framan. Það þýðir þó ekki að fyrrgreindar heimildir séu þær einu til að koma fram breytingum á kröfu frá stefnu. Sé gagnályktun beitt á 1. mgr. 111. gr. EML má komast að þeirri niðurstöðu að stefnanda sé heimilt á öllum stigum máls að draga úr kröfu sinni, ef það er ívilnandi fyrir stefnda.²⁹ Þannig kann stefnandi undir rekstri máls að lækka peningakröfu, frá því sem fram kom í stefnu, draga

²⁷ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 76-77.

²⁸ Alþt. 2009-2010, A-deild, þskj. 1448 – 687. mál.

²⁹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 168.

úr viðurkenningarkröfu eða falla með öllu frá einum af kröfuliðunum á hendur stefnda eða falla frá kröfu á hendur einum af stefndu, sem hann hefur stefnt eftir ákvæðum EML um samaðild og aðildarsamlag. Þá er stefnanda einnig heimilt að koma að nýjum varakröfum undir rekstri máls án framhaldssakar, svo fremi sem þær grundvallast á málsástæðum og gögnum sem stefnandinn hefur þegar haft uppi í máli eða hefur enn heimild til að bera upp og að varakrafan rúmist innan marka stefnukröfunnar.³⁰

Stefnanda er því veitt með þessum heimildum olnbogaráými til þess að koma að breytingum á kröfu sinni með lítilli fyrirhöfn. Breytingarnar geta þó verið örðugar viðureignar á tvo vegu. Í fyrsta lagi geta slíkar breytingar leitt af sér að mál verði ruglingslegt og að rök og skýringar stefnanda í stefnu, sem tóku mið af upphaflegri kröfu, hæfi ekki lengur kröfu í endurbættri mynd. Í annan stað kann oft að reynast óglögg hvort breytt krafa stefnanda sé í raun stefnda til hagsbóta. Ef svo er ekki verður breytingunni ekki komið fram í máli nema með samþykki stefnda eða framhaldssök. Gæti stefnandinn ekki að þessu verður kröfunni í breyttri mynd vísað frá dómi, enda er heimild stefnanda til breytingar á kröfu, án framhaldsstefnu, sakaraukningar eða samþykkis stefnda háð því að breytta krafan rúmist innan upphaflegu kröfunnar.³¹

Hrd. 1981, bls. 1183. H höfðaði mál gegn samgönguráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, þar sem hann krafðist viðurkenningar með dómi á því að hann ætti rétt á því að aka leigubifreið sjálfur á móti öðrum manni á sömu bifreið. Á síðari stigum málsins breytti H kröfu sinni í að tiltekinn úrskurður samgönguráðherra yrði ógiltur með dómi. Í dómi Hæstaréttar var krafa H, um að úrskurður S yrði dæmdur ógildur, talin ný krafa, en skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 þótti ekki fullnægt til að koma ætti kröfunni að þar fyrir dómi. Var henni því sjálfkrafa vísað frá Hæstarétti.

Yfirleitt ætti að vera áreynslulaust að ráða úr því hvort breyting á peningakröfu sé til ívilnunar fyrir gagnaðilann eða ekki. Það myndi til dæmis almennt teljast til ívilnunar ef fjárfkrafa væri lækkuð. Það er hins vegar ekki alltaf hægt með einföldum hætti að ráða úr því hvort kröfugerð í breyttri mynd sé gagnaðilanum til hagsbóta, hvort hún sé þýðingarlaus eða hvort hún sé gagnaðila í óhag. Við mat á slíkum breytingum þarf að líta til hagsmuna stefnda.

Hrd. 1961, bls. 610. Þ krafði B um greiðslu tiltekinnar skuldar eftir að gallar komu fram á girðingamótum sem B framleiddi fyrir Þ. Fékk Þ dómkvadda matsmenn til þess að meta raunvirði vörunnar og að fenginni niðurstöðu höfðaði hann mál gegn B. Þ kvaðst hafa fengið kröfufjárhæðina með því að leggja saman verð það, sem hann hafði greitt B, kostnað af tilraun til viðgerðar, kostnað af dómkvaðningu matsmanna og kostnað af matsgerð, og dregið síðan frá hið metna raunvirði vörunnar. Með þessum hætti kom út tiltekin fjárhæð en talsverður munur var á henni og stefnufjárhæð. B krafðist því frávísunar málsins og studdi hana þeim rökum, að hvorki í stefnu né greinargerð væri að finna sundurliðun stefnufjárhæðar, sem kæmi saman við framlögð gögn. Taldi B að vísa ætti málinu frá vegna þess hve óskýr stefnan væri. Við munnlega málflutning málsins vegna frávísunarkröfunnar lækkaði Þ stefnukröfuna og krafðist þess að

³⁰ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 168.

³¹ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 168.

frávísunarkröfunni yrði hafnað af þeim sökum. Í úrskurði héraðsdóms, sem staðfestur var af Hæstarétti, segir að málatilbúnaði Þ hafi í upphafi verið ábótavant og rökstuðningur fyrir stefnukröfum ónógur, en með því að hann hafi lækkað stefnukröfur sé nægileg grein gerð fyrir kröfum hans.

Hrd. 15. febrúar 2013 (23/2013). Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem vísað var frá dómi breytingu á kröfugerð H til lækkunar í máli sem hann hafði höfðað gegn K ehf. til greiðslu skuldar vegna uppgjors á gjaldmiðlaskiptasamningi. K ehf. lagði fram greinargerð þann 15. desember 2009 og krafðist aðallega frávísunar en sýknu til vara. Síðar í málinu féll K ehf. frá kröfu um frávísun. Sýknukröfuna reisti K ehf., meðal annars, á því að félagið beitti gagnkröfu, sem grundvallaðist á gjaldmiðlasamningum, til skuldajafnaðar við kröfu H, og að sú krafa hefði numið hærri fjárhæð. Í bókun, sem lögð var fram af H í þinghaldi í málinu þann 20. desember 2011, samþykkti H skuldajafnaðaryfirlýsingu K ehf. með þeirri forsendu að gengi gjaldmiðla skyldi ekki miðað við gengi Seðlabanka Evrópu eins og K ehf. hefði gert í skuldajafnaðaryfirlýsingunni heldur skyldi miðað við gengi Seðlabanka Íslands þann 9. október 2008. Þá hafði H í hyggju að leggja fram nýja kröfugerð sem fæli í sér lækkun frá upprunalegri kröfu. Í þinghaldi 23. apríl 2012 lýsti K ehf. því yfir í bókun að skuldajöfnuður sem H hefði lýst væri á öðrum forsendum en K ehf. samþykkti. Þá taldi K ehf. ekki vera deilt um fjárhæð kröfu H og samþykkti kröfu H samkvæmt stefnu. Aðilar máls héldu áfram að leggja fram bókanir um kröfurnar og endaði málið á þann hátt í héraði að því var vísað frá. Hæstiréttur gerði umfangsmiklar athugasemdir við meðferð málsins fyrir héraðsdómi. Þar segir m.a. „Samkvæmt meginreglum einkamálaréttarfars, sem ákvæði d. liðar 1. mgr. 80. gr. og 1. mgr. 111. gr. laga nr. 91/1991 eru meðal annarra reist á, hefur stefnandi máls í héraði einn forræði á því hvers hann krefst um úrlausn máls og er honum á þessum grunni í sjálfsvald sett að draga úr dómkröfu sinni undir rekstri máls uns það er tekið til dóms. Um þetta getur stefndi engu ráðið og er honum undir engum kringumstæðum fært að krefjast þess að stefnanda verði dæmt annað og meira en hann sjálfur krefst, heldur getur stefndi að því er efni máls varðar samþykkt kröfu stefnanda í einu og öllu, krafist sýknu af kröfunni eða krafist þess að stefnanda verði dæmt annað og minna en hann gerir kröfu um. Samþykki stefndi kröfu stefnanda skal málið dómtekið og dómur lagður á það í samræmi við það samþykki, sbr. 1. mgr. 98. gr. sömu laga.

Undir rekstri þessa máls hefur fyrrgreindum grundvallarreglum einkamálaréttarfars ekki verið gefinn gaumur sem skyldi. Eftir að málið hafði velkst fyrir héraðsdómi í nærfellt tvö og hálf ár kaus varnaraðili í þinghaldi 23. apríl 2012 að hverfa frá upphaflegri dómkröfu sinni um sýknu af kröfu sóknaraðila og lýsa þess í stað yfir samþykki á henni eins og hún hafði verið sett fram í stefnu. Áður hafði þó sóknaraðili lýst því yfir í þinghaldi 20. desember 2011 að hann hafi ákveðið að breyta dómkröfu sinni þannig að hún sætti lækkun vegna skuldajafnaðar af hendi varnaraðila. Við svo búið hefði að réttu lagi átt að taka málið til dóms samkvæmt 1. mgr. 98. gr. laga nr. 91/1991, eftir atvikum að undangengnu því að sóknaraðila gæfist þegar í stað kostur á að breyta dómkröfu sinni á þann hátt að hann leitaði aðeins dóms um lægri fjárhæð en hann gerði í öndverðu. Þrátt fyrir þetta frestaði héraðsdómur málinu til annars þinghalds 11. maí 2012, þar sem sóknaraðili breytti dómkröfu sinni þannig að hann krafðist dóms um aðra og lægri fjárhæð úr hendi varnaraðila en gert hafði verið í stefnu. Málið hafði þá ekki verið dómtekið og gat því sóknaraðili enn komið að þessari breytingu á upphaflegri kröfu sinni. Úr því að varnaraðili hafði í þinghaldinu 23. apríl 2012 lýst sig samþykkan því að hann yrði dæmdur til að greiða sóknaraðila 18.995.691.317 krónur með dráttarvöxtum frá 27. maí 2009 til greiðsludags leiðir af áðursögðu að það samþykki tók eðli máls samkvæmt einnig til þess, sem minna var, en sóknaraðili hafði í þinghaldinu 11. maí 2012 kosið að ívilna varnaraðila með því að 10.735.196.334 krónur yrðu dregnar frá upphaflegu kröfunni. Á þessu stigi stóðu lög ekki til annars en að dómur yrði felldur á málið, eins og skýlaust er boðið í 1. mgr. 98. gr. laga nr. 91/1991, en í þeim dómi hefði í engu átt að taka afstöðu til málsástæðna aðilanna eða annarra röksemda, heldur leggja dóm á endanlega kröfu sóknaraðila í ljósi þess eins að varnaraðili hafi samþykkt hana. Gat dómstóla ekki varðað á hvaða forsendum aðilarnir hafi ákveðið að ráðstafa á þennan hátt sakarefninu hvor fyrir sitt leyti eða úr því sem komið var leyst úr hugsanlegum ágreiningi aðilanna um réttmæti slíkra forsendna.“

Í þessum dómi tók Hæstiréttur af skarið með að stefnda sé ekki heimilt að gera þá kröfu að stefnanda verði dæmdar aðrar og meiri kröfur en hann hafði sjálfur krafist.

Stefnda sé aðeins heimilt að samþykkja kröfu stefnanda algerlega, krefjast sýknu af kröfunni eða að stefnandi fái dóm felldan á annað og minna en hann hafði krafist. Þá er málið áhugavert í umfjöllun um heimildir til að draga úr kröfum. Í málinu bregst K ehf. við aðsteðjandi lækun H á kröfu sinni með því að falla frá kröfu um sýknu. Drógu því báðir málsaðilar úr kröfum sínum í málinu.

Samkvæmt málsforræðisreglunni er gengið út frá því að aðilar dómsmáls séu þeir sem eigi að hafa sem mest yfirráð yfir inntaki efnishliðar einkamáls, þar á meðal úr hvaða kröfum verði leyst í dómsmálinu.³² Dómari er þannig bundinn af kröfum og málsástæðum málsaðila og hefur ekki heimild til þess að fara út fyrir þær.³³ Getur hann því ekki byggt dómsniðurstöðuna á málsástæðum eða mótmælum sem hefðu getað komið fram í málsmeðferðinni en gerðu það ekki.³⁴ Það hefur í för með sér að dragi stefnandi úr kröfu umfram lagabreytingu er hann bundinn við þá ráðstöfun, samanber t.d. 1. mgr. 111. gr. EML.

Hrd. 7. júní 2012 (524/2011). Í höfðaði mál gegn M og Þ til innheimtu eftirstöðva gjaldfallins skuldabréfs. Í þinghaldi fyrir héraðsdómi dró Í úr kröfu sinni gegn Þ og M með því að lækka höfuðstól kröfunnar og vaxtareikna með lægstu óverðtryggðu vöxtum. Þá dró Í frá þær greiðslur sem M og Þ höfðu þegar innt af hendi. Þetta taldi Í sér skylt að gera vegna laga nr. 151/2010. Niðurstaða Hæstaréttar var að ekki bæri að taka afstöðu til þess hvort breyting Í á kröfugerð sinni hefði verið umfram lagaskyldu. Með breytingunni hefði falist ráðstöfun á sakarefninu og væri Í því bundin við þá ráðstöfun.

Hafi stefnandi fallið frá kröfu getur hann ekki krafist þess að hún verði tekin upp aftur án samþykkis gagnaðila, sbr. 1. mgr. 111. gr. EML. Allar breytingar sem aðili máls gerir á kröfum sínum, gagnaðila í hag, eru bindandi fyrir aðilann.

Hrd. 1995, bls. 63. G höfðaði meiðyrðamál vegna ummæla sem fram komu í umsögn sem D hafði látið FS vinna í tilefni forsjárdeilu. Krafðist G m.a. ómerkingar og refsingar vegna þrenna ummæla sem var að finna í umsögninni. Við munnlegan málflutning í héraði féll lögmaður G frá kröfu um ómerkingu og refsingu vegna einna ummælanna. Skömmu síðar var málið endurupptekið og krafðist G þá ómerkingar en ekki refsingar vegna þeirra ummæla sem lögmaðurinn hans hafði fallið frá kröfu vegna. Niðurstaða Hæstaréttar var að krafan fengi ekki að komast að í málinu enda hefði stefndi ekki samþykkt þessa viðbót við kröfugerð stefnanda.

³² Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 20.

³³ Eiríkur Tómasson: *Um lög og rétt*, bls. 179

³⁴ Ólafur Jóhannesson: *Lög og réttur*, bls. 342.

3.6 Heimild til að koma að nýjum varakröfum

Stefnandi getur komið að nýjum varakröfum undir rekstri máls, sem ekki var getið í stefnu, svo fremi sem þær rúmist innan marka upphaflegu stefnukröfunnar og eru reistar á málsástæðum og gögnum, sem stefnandi hefur þegar haft uppi í máli eða getur enn borið upp.³⁵

Hrd. 6. júní 2002, bls. 2183 (251/2001). S, 83 ára gömul kona sem sat í óskiptu búi eftir eiginmann sinn, undirritaði kaupsamning og afsal til G á 30 hektara spildu úr landi jarðarinnar M í maí 1996. Börn S fengu vitneskju um kaupsamninginn síðsumars 1996 og rifti lögmaður S samningnum í maí 1997, þar sem S hefði ekki skilið til fullnustu hvað hún var að undirrita og kaupverðið væri í engu samræmi við verðmæti landsvæðisins. Í desember 1998 höfðaði S svo mál til riftunar samningnum en hún andaðist árið 2000. Dóttur hennar var þá heimilað að halda málinu áfram í nafni dánarbúsins. Fyrir Hæstarétti hafði áfrýjandi uppi nýja varakröfu þess efnis, að samningur S og G yrði ógiltur eða honum vikið algerlega til hliðar. Hæstiréttur vísaði kröfunni frá með vísan til 2. mgr. 163. gr. EML enda var ekki dæmt um hana í héraðsdómi og hafði stefndi mótmælt að hún kæmist að.

Nýja varakrafan í dómnum þótti ekki rúmast innan marka upphaflegu stefnukröfunnar heldur var um nýja kröfu að ræða. Varakrafan uppfyllti því ekki skilyrðið um að byggja á málsástæðum og gögnum, sem stefnandi hafði þegar haft uppi í málinu eða gat enn borið upp. Sökum þess var kröfunni vísað frá dómi.

Hrd. 1993, bls. 1693. Í greinargerð með stefnu var hvorki tekið fram né rökstutt að krafist væri afsláttar af kaupverði ef bótakrafan yrði ekki tekin til greina og var ekki tekið mið af því við gagnaöflun í héraði. Kaupandinn hélt því hins vegar fram, við munnlegan málflutning í héraðsdómi og fyrir Hæstarétti, að krafa hans fæli í sér bætur eða afslátt og var því mótmælt af seljandanum. Fyrir héraði var því hafnað að kröfugerð stefnanda fæli í sér kröfu um afslátt og taldi Hæstiréttur að um nýja málsástæðu væri að ræða fyrir dómnum, sem fyrirvari hafði ekki verið gerður um í áfrýjunarstefnu né að hennar hafi verið getið í greinargerð áfrýjenda fyrir Hæstarétti. Um nýja málsástæðu væri að ræða fyrir Hæstarétti og komst hún þar af leiðandi ekki að í málinu.

Afsláttarkröfunni var vísað frá í þessum dómi Hæstaréttar, eða með öðrum orðum þá taldi Hæstiréttur hana ekki rúmast innan eða felast í skaðabótakröfunni.

Nokkuð algengt er að varakrafa sé fyrst sett fram fyrir Hæstarétti. Niðurstöður dómaframkvæmdar Hæstaréttar benda til þess að sömu reglur gildi um varakröfur sem fyrst eru gerðar kröfur við málskot til Hæstaréttar.

Hrd. 1995, bls. 1760. Í málinu var fyrst fram sett varakrafa við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti og mótmælti stefndi henni. Meirihluti Hæstaréttar komst að þeirri niðurstöðu að það hefði legið fyrir frá upphafi, að áfrýjandi teldi stefnda hafa bakað sér ábyrgð á greiðslu þeirrar fjárkröfu, sem áfrýjandi átti á hendur tilteknum aðilum, sem dómur hafði gengið um. Varakrafa áfrýjanda kom seint fram en hún var talin nógu skýr til að dómur yrði lagður á málið. Varakrafan byggði á málsástæðum, sem lýst var þegar við málshöfðun í héraði og var hún talin rúmast innan aðalkröfunnar. Því var ekki fallist á með stefnda að efni væru til þess að málinu væri vísað frá héraðsdómi, ex officio.

³⁵ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 168.

Hrd. 1984, bls. 427. V, hljóðfæraleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands höfðaði mál gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, borgarstjóranum í Reykjavík og Ríkisútvarpinu og krafðist bóta vegna ólögðrar uppsagnar. Stefnu kröfðust aðallega sýknu en til vara lækkunar krafna V. Héraðsdómur sýknaði Reykjavíkurborg vegna þess að hún tók ekki þátt í fjármögnun hljómsveitarinnar og bæri því ekki ábyrgð á skuldbindingum hennar. Kröfur V gegn hinum stefndu voru hins vegar teknar til greina. Fjármálaráðherra og útvarpsstjóri áfrýjuðu þá héraðsdómi til Hæstaréttar. Þar gerðu stefndu sömu kröfur auk nýrrar þrautavarakröfu. Stefnu rökstuddu varakröfu og þrautavarakröfu sína með þeim hætti, að vegna þess að V hefði fengið greiðslu fyrir orlof sem var hluti af uppsagnarfresti hans, ætti sú greiðsla að koma til frádráttar bóttum. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um bótaskyldu stefndu. Þá var tekið fram í dómi Hæstaréttar að ekki yrði séð að sá rökstuðningur sem færður var fyrir vara- og þrautavarakröfum, hafi komið fram í héraði. Var því talið að þessar kröfur kæmst ekki að, gegn andmælum V og með vísan til 45. gr. laga nr. 75/1973, og var héraðsdómur staðfestur.

Heimildin til að koma að varakröfum getur þó verið takmörkuð af sérlögum. Í 4. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003 segir að í ágreiningsmáli, um forsjá barns eða lögheimili, beri dómara að kröfu annars foreldris eða beggja að kveða á um meðlag í dómi, sem og um inntak umgengnisréttar barns og foreldris og kostnað vegna umgengni, hafi sátt ekki tekist um þessi efni, enda hafi krafa um það verið gerð í stefnu eða greinargerð stefnda.

Hrd. 1. mars 2007 (435/2006). K höfðaði mál á hendur M og krafðist þess að sér yrði dæmd forsjá barna þeirra. M hafði áður verið dæmd forsjá barnanna með dómi sem staðfestur var af Hæstarétti þann 23. október 2003. Í héraðsdómi var forsjárhæfni M dregin í efa og krafa K tekin greina. M hafði krafist fyrir héraði sýknu af öllum kröfum stefnanda og að sér yrði áfram falin forsjár barnanna með dómi. Fyrir Hæstarétti gerði M varakröfu um að umgengni hans við börnin yrði með ákveðnum hætti. Niðurstaða Hæstaréttar um varakröfuna var að krafan væri of seint fram komin, sbr. 4. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003 og yrði af þeirri ástæðu ekki tekin til greina.

3.7 Leiðréttingar á kröfugerð

Stefnandi getur þurft undir rekstri máls, vegna ýmissa tilvika, að gera lagfæringar á kröfu, sem hann hefur gert í stefnu. Tilefni kann að koma til lagfæringa t.d. vegna misritunar í kröfugerð, að nýjar upplýsingar komi fram undir rekstri máli sem varpi ljósi á að krafa þarfnist úrbóta eða jafnvel að stefnandi verði, vegna slæmra vinnubragða við gerð upphaflegu kröfugerðarinnar, að lagfæra hana til þess að komast hjá frávísun málsins. Stefnanda er heimilt að gera lagfæringar á kröfugerð eftir sömu reglum og lýst var hér á undan, t.d. með framhaldsstefnu, með því að orða hana á nýjan leik innan ramma upphaflegu kröfunnar eða með því að draga úr upphaflegu kröfunni.³⁶

Í kafla 3.3 um framhaldssök var fjallað um heimildir stefnanda til breytinga á kröfugerð á grundvelli nýrra upplýsinga. Þær upplýsingar kunna að gefa tilefni til hærri og frekari krafna og af dómaframkvæmd má ráða að þeim kröfum verður ekki komið að gegn mótmælum gagnaðila. Réttara væri í slíkum aðstæðum að koma breytingum að með framhaldsstefnu skv.

³⁶ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 169.

29. gr. EML. Stefnandi getur því ekki gert leiðréttingar á kröfunni sem væru stefnda í óhag nema með samþykki stefnda, sbr. 1. mgr. 111. gr. EML eða með höfðun framhaldsstefnu.

Hrd. 1994, bls. 2051. Málavextir eru reifaðir í kafla 3.2. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að breyting á kröfugerð, sem héraðsdómari hafði látið komast að málinu, að þingsókn fallinni af hálfu áfrýjenda, fengi ekki að komast að í málinu, enda hefðu áfrýjendur ekki samþykkt að hún kæmist að og að hún væri þeim til íþyngingar.

Samkvæmt 3. mgr. 101. gr. EML ber dómara að fylgjast með máli í öllum atriðum og spyrja aðila um hvert það atriði, sem honum þykir óljóst og kann að hafa þýðingu. Þá skal hann kosta kapps um að yfirlýsingar aðila verði nægilega glöggar. Af dómaframkvæmd Hæstaréttar má telja, að hafi héraðsdómari vanrækt skyldu sína skv. 3. mgr. 101. gr., getur sóknaraðilum talist heimilt að bæta úr ágöllum á málalíbúnaði sínum við kæru til Hæstaréttar.

Hrd. 20. nóvember 2012 (644/2012). S og fleiri höfðu gert sameiginlega óskipta fjárkröfu á hendur B hf. en ekki gætt skilyrðis 1. mgr. 19. gr. EML við höfðun málsóknarinnar. Í héraði var kröfum S og fleiri vísað frá dómi. Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði að héraðsdómara hefði borið skv. 3. mgr. 101. gr. EML að beina því til sóknaraðilanna að bæta úr ágallanum. Þá taldi Hæstiréttur að ekki væri lengur tilefni til frávísunar, vegna þess að við kæru til Hæstaréttar hefðu sóknaraðilar ráðið bót á annmörkum á málalíbúnaði sínum. Hæstiréttur felldi úrskurð héraðsdóms úr gildi og lagði fyrir héraðsdóm að taka málið á ný til efnismeðferðar.

Þá er dómara skylt skv. 4. mgr. 101. gr. EML að leiðbeina aðila, sem er ólöglærður og flytur mál sitt sjálfur, um formhlið þess eftir því sem honum virðist nauðsyn bera til. Af dómaframkvæmd Hæstaréttar má telja að í vissum tilvikum sé samþykki gagnaðila ekki áskilið til lagfæringa og breytinga á kröfugerð, gagnaðila í óhag, þegar leiðbeiningarskylda gagnvart ólöglærðum aðilum hefur verið talið ábótavant í héraði.

Hrd. 27. janúar 2005, bls. 325 (350/2004). Málavextir eru reifaðir í kafla 3.2. Þ höfðaði mál gegn ríkinu og rak málið sjálf, ólöglærð, á báðum stigum. Kröfugerð hennar í héraði var ekki að öllu leyti í samræmi við ákvæði EML, þar sem hluta málsástæðna var blandað inn í dómkröfuna. Er Þ hafði fengið leiðbeiningar um þetta fyrir Hæstarétti skv. 4. mgr. 101. gr., sbr. 166. gr. laganna, lagfærði Þ kröfugerð sína og tók Hæstiréttur afstöðu til málsástæðna og krafna Þ eftir því.

Þá er dómurum veitt nokkuð rík heimild til þess að leiðrétta villur. Má leiða líkur að því, að ástæðan sé til þess að koma í veg fyrir að óþarfa villur verði hluti af dómsniðurstöðu. Í 1. mgr. 116. gr. EML segir að dómur sé bindandi um úrslit sakarefnis milli aðila og þeirra, sem koma að lögum í þeirra stað, um þær kröfur sem eru dæmdar þar að efni til. Þá segir í 3. mgr. 116. gr. að dómur sé bindandi fyrir dómara þegar hann hefur verið kveðinn upp. Hins vegar er dómara heimilt að leiðrétta ritvillur, reikningsskekkjur, nafnskekkjur og aðrar bersýnilegar villur í dómi, enda láti hann aðilum sem hafa fengið endurrit af dómi þá í té nýtt endurrit án tafar. Þá er dómara einnig heimilt að lagfæra villur hafi útivist orðið af hálfu stefnda. Í 3. másl. 1. mgr. 113. gr. segir að dómari geti leiðrétt augljósar villur í stefnu til samræmis við þau skjöl sem stefnandi byggir á í málinu.

Hrd. 28. maí 2009 (544/2008). Í málinu var deilt um landamerki og höfðuðu S og M f.h. J viðurkenningarmál gegn SI og ST vegna deilnanna. Héraðsdómur viðurkenndi kröfu S og M. Varnaraðilarnir áfrýjuðu málinu til Hæstaréttar og kröfðust sýknu. Þar kröfðust S og M staðfestingar héraðsdóms með þeirri breytingu að leiðrétt yrði villa í dómsorði. Í stefnu S og M hafði verið gerð villa er laut að hnitum punkta 104 og 107 á korti. Villan fólst í því að hnit punkts 107 höfðu verið færð inn á punkt 104 og á tilgreiningu á punkti 107 höfðu tveir tölustafir víxlast. Fyrir Hæstarétti var skýring S og M á nauðsyn leiðréttingarinnar með þeim hætti að ritvilla hefði verið gerð í í kröfugerð þeirra í héraðsstefnu og í dómsorði. SI og ST gerðu ekki athugasemd við leiðréttinguna og taldi Hæstiréttur heimilt að koma að leiðréttingunni, með vísan til 3. mgr. 116. gr. EML.

Hæstiréttur hefur hafnað því að hægt sé að koma að leiðréttingu á villu með lögjöfnun frá 3. máls. 1. mgr. 116. gr. EML sem er í óhag og óþökk gagnaðilans. Enda bryti slíkt í berhögð við 1. mgr. 111. gr. EML.

Hrd. 4. desember 2015 (751/2015). Í málinu hafði sóknaraðila láðst að tilgreina nafn varnaraðilans B í varakröfu hans og taldi hann að um augljósa ritvillu væri að ræða sem heimilt væri að leiðrétta skv. lögjöfnun frá 3. tölul. 116. gr. 1. nr. EML. Í niðurstöðu Hæstaréttar um varakröfuna segir að dómari megi ekki fara út fyrir kröfur aðila í dómi sínum nema um sé að ræða atriði sem honum ber að gæta af sjálfsdáðum. Þá skuli vísa frá dómi kröfu sem ekki komi fram í stefnu nema stefndi hafi samþykkt að hún kæmist að án þess. Að framansögðu og að teknu tilliti til þess að stefndi mótmælti kröfunni, vísaði Hæstiréttur varakröfunni á hendur B frá dómi.

Í dómafrankvæmd virðist Hæstiréttur þó hafa heimilað leiðréttingar á kröfum með ríkari hætti en dæmin hér að ofan gefa til kynna. Jafnvel með þeim hætti að ómarkviss krafa í upphaflegri stefnu, tekur á sig skýrari mynd undir rekstri málsins.³⁷

Hrd. 1981, bls. 10. R höfðaði mál á hendur J og S vegna fasteignaviðskipta og krafðist aðallega ógildingar á sölu íbúðar en til vara að J og S yrði gert að greiða honum skaðabætur in solidum. Í greinargerð R kom fram í þrautavarakröfu að J yrði einum gert skylt að greiða honum skaðabætur. J krafðist frávísunar málsins en S sýknu þess. Við munnlegan málflutning í héraði lýsti R því yfir að riftunarkröfu væri beint að S einum. Héraðsdómur vísaði málinu frá vegna þess að það braut gegn meginreglum um skýran og ljósan málartilbúnað. Í dómi Hæstaréttar segir að það hafi ekki komið skýrlega fram í upphafi að riftunarkröfum væri beint að S einum, en hvernig sem skilja megi kröfugerð hans verði ekki talið að það varði frávísun, þótt þeirri kröfu hafi einnig verið beint að J. Þá segir um þrautavarakröfuna að málartilbúnaðar hennar sé ekki vandaður en það varði þó ekki frávísun. Þá leit Hæstiréttur til þess að breytingarnar á kröfunum væru gagnaðilum í hag. Var héraðsdómurinn því felldur úr gildi.

3.8 Breytingar á kröfu við málskot til Hæstaréttar

Úrlausnum héraðsdómara verður samkvæmt EML skotið til Hæstaréttar með tvenns konar hætti, í fyrsta lagi með áfrýjun og í annan stað með kæru. Í XXV. kafla EML er fjallað um áfrýjun héraðsdóma í einkamálum til Hæstaréttar. Almennu regluna um heimild til áfrýjunar er að finna í 1. mgr. 151. gr., þar sem segir að heimilt sé að áfrýja héraðsdómi til Hæstaréttar, með þeim takmörkunum sem leiðir af öðrum ákvæðum EML. Þá felst í 1. mgr. 151. gr. einnig

³⁷ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 169.

heimild til að krefjast endurskoðunar á úrskurði, sem ekki er heimilt að kæra sérstaklega, við áfrýjun á héraðsdómi. Slíkum úrskurði þarf að áfrýja sérstaklega með héraðsdóminum.³⁸

Hrd. 31. maí 2000, bls. 2090 (42/2000). Í málinu hafði stefndi haft uppi frávísunarkröfu í héraði en henni var hafnað. Stefndi var sýknaður af kröfu stefnanda í héraði og áfrýjaði sá síðarnefndi dóminum til Hæstaréttar. Stefndi vildi þá koma frávísunarkröfu sinni að fyrir Hæstarétti en henni var vísað frá vegna þess að stefndi hafði ekki gagnáfrýjað dóminum.

Þá felst í 3. mgr. 151. gr. EML heimild til þess að áfrýja dómi í því skyni að honum verði breytt að efni til eða hann staðfestur, að hann verði ómerktur og máli vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar eða að máli verði vísað frá héraðsdómi.

Með áfrýjun er leitað endurskoðunar á þeirri úrlausn sem mál fékk á lægra dómstigi. Því er málskot bundið við slíka endurskoðun. Ef heimilt væri að koma að nýjum kröfum og málsástæðum á æðra dómstigi væri í raun veitt leyfi til að dæma þar um sakarefni sem ekki var dæmt í héraðsdómi. Með því væri heimild til að dæma aðeins um hluta málsins á æðra dómstigi.³⁹ Í d-lið 1. mgr. 155. gr. EML er kveðið svo á að í áfrýjunarstefnu skuli greina frá því hverjar dómkröfur áfrýjandi gerir. Kröfugerð í héraði takmarkar kröfugerð áfrýjunarstefnu, vegna þess að jafnaði er ekki heimilt að bera fram kröfur í Hæstarétti sem ekki voru hafðar uppi í héraði, sbr. þó 2. mgr. 163. gr. EML.⁴⁰

Samkvæmt 2. mgr. 163. gr. EML er Hæstarétti heimilt við úrlausn máls að byggja á kröfum eða málsástæðum sem aðili hafði ekki uppi í héraði, ef þær hafa komið fram í greinargerð aðilans, að grundvelli máls sé ekki raskað á þann hátt, og afsakanlegt sé að þær voru ekki hafðar uppi í héraði og það yrði aðilanum til réttarspjalla ef ekki yrði tekið tillit til þeirra. Heimild 2. mgr. 163. gr. var leidd inn í EML með lögum nr. 38/1994 og var tekin upp óbreytt frá ákvæði 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Í athugasemdum í greinargerð breytingafrumvarpsins segir að heimildir samkvæmt ákvæðinu skuli vera mjög þröngar, líkt og ætlast hafði verið til með þágildandi reglu 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.⁴¹ Beiting ákvæðis 2. mgr. 163. gr. EML verður að vera með hliðsjón af ákvæðum EML um afdráttarlausu málsmeðferð í héraði þannig að aldrei megi leyfa nýjar kröfur og málsástæður fyrir Hæstarétti, sem ekki var möguleiki á að koma með fram á síðari stigum málsmeðferðar héraðsdóms, án samþykkis gagnaðilans, jafnvel þó það yrði gert með framhaldssök skv. 29. gr. EML. Þessi skilningur á heimildinni hefur verið staðfestur í dómaframkvæmd Hæstaréttar.⁴²

³⁸ Jón Steinar Gunnlaugsson: *Um málskot í einkamálum*, bls. 25-26.

³⁹ Jón Steinar Gunnlaugsson: *Um málskot í einkamálum*, bls. 83.

⁴⁰ Jón Steinar Gunnlaugsson: *Um málskot í einkamálum*, bls. 53-54.

⁴¹ Alþt. 1993-94, A-deild, bls. 1267.

⁴² Jón Steinar Gunnlaugsson: *Um málskot í einkamálum*, bls. 83.

Hrd. 13. janúar 1999, bls. 30 (1/1999). Í málinu var deilt um gildi erfðaskrár. Fyrir Hæstarétti tefldi málsaðili því fyrst fram, að ekki væri unnt að treysta erfðaskránni, vegna þess að einungis síðasta síða hennar hefði verið vottuð með viðeigandi hætti. Gagnaðilinn mótmælti því að málsástæðan fengi að komast fyrir Hæstarétt, vegna þess að henni hefði ekki verið haldið fram fyrir héraðsdómi. Í niðurstöðu Hæstaréttar sagði um málsástæðuna að sóknaraðilum hefði verið í lófa lagið að halda málsástæðunni fram fyrir héraðsdómi. Það hafði hins vegar ekki verið gert og var því með vísan til 2. mgr. 163. gr. EML, ekki byggt á þeirri málsástæðu við úrlausn málsins fyrir Hæstarétti.

Í stuttu máli má segja að í málsforræðisreglunni felist forræði málsaðila til þess að ákveða kröfur, málsástæður og sönnunargögn í tilteknu máli. Reglan veitir aðilum málsins einnig forræði á því hverjir séu aðilar málsins og hvort mál sé yfir höfuð rekið.⁴³ Reglan felur aðilum málsins hins vegar ekki forræði á því að koma að nýjum málsástæðum og kröfum fyrir Hæstarétti. Aðilum málsins er þannig ekki falin heimild til þess að semja svo um sín í milli, að Hæstiréttur dæmi um kröfur og sakarefni sem ekki hafa verið til meðferðar í héraðsdómi. Í dómaframkvæmd Hæstaréttar virðist þó í nokkrum dómum vera litið til þess hvort gagnaðili mótmælti fyrir Hæstarétti málsástæðu eða kröfu, sem ekki hafði verið höfð uppi í héraði.⁴⁴

Hrd. 6. júní 2002, bls. 2183 (251/2001). Málavextir eru reifaðir í kafla 3.6. Í niðurstöðu Hæstaréttar segir um kröfuna „Um þessa kröfu var ekki dæmt í héraðsdómi og hefur stefndi mótmælt henni. Með vísan til 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kemst krafa þessi ekki að.“

Í dómaframkvæmd Hæstaréttar hefur reglu 2. mgr. 163. gr. einnig verið beitt um mál sem skotið hefur verið til Hæstaréttar með kæru, sbr. t.d. *Hrd. 1999, bls. 30*, sem reifaður er fyrir í þessum kafla.

Hrd. 12. desember 2003, bls. 4300 (438/2003). Málinu var vísað frá í héraði vegna formgalla á málatilbúnaði Ó. Í kæru Ó á úrskurðinum til Hæstaréttar gerði hann þá kröfu að úrskurðinum yrði hrundið og að krafa hans yrði tekin til efnismeðferðar með lagfæringu sem kom fyrst fram í kærinni. Niðurstaða Hæstaréttar var að ekki væri heimild til að skjóta máli til Hæstaréttar sem vísað hafði verið frá héraðsdómi vegna galla á kröfugerð stefnanda, í þeim tilgangi að knýja fram að málið verði lagt fyrir héraðsdómara á ný til efnismeðferðar, með kröfugerð í breyttri mynd en þeirri er upphaflega var lagt fyrir dóminn.

Af b-lið 159. gr. EML má ráða að stefndi getur aðeins gert breytingar á kröfum sínum frá þeim kröfum sem hann gerði fyrir héraðsdómi ef það er áfrýjanda til ívilnunar. Þannig er stefnda heimilt án stefnu að samþykkja kröfur áfrýjanda um breytingar á héraðsdóminum. Það þýðir í raun að stefndi dregur úr dómkröfum sínum frá málsmeðferð í héraði vegna þess að dómsorð héraðsdóms getur aldrei gengið lengra gegn áfrýjanda en kröfur stefnda leyfðu. Það er ekki algengt en þó ekki útilokað að aðilar dómsmála breyti kröfugerð sinni fyrir Hæstarétti til hagsbóta fyrir gagnaðilann, eftir að þær hafa verið teknar til greina í héraðsdómi og áfrýjað af

⁴³ Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, bls. 21

⁴⁴ Jón Steinar Gunnlaugsson: *Um málskot í einkamálum*, bls. 88.

gagnaðilanum. Algengara er að stefndi uni niðurstöðu héraðsdóms fyrir Hæstarétti og krefjist aðeins staðfestingar dómsins þar sem einhverjir þættir krafna stefnanda voru teknir til greina.⁴⁵

Í kafla 3.6 var fjallað um heimild til að koma að nýjum varakröfum. Í þeirri umfjöllun var t.d. rætt um þann möguleika á að koma að nýjum varakröfum fyrir Hæstarétti sem ekki voru gerðar fyrir héraðsdómi. Sú heimild er sniðin þeim þrönga stakki að nýja varakrafan verður að rúmast innan upprunalegu kröfunnar sem gerð var fyrir héraðsdómi og byggja á málsástæðum sem hafðar voru þar uppi. Um álitafnið vísast til kafla 3.6.

Í kafla 3.7 var fjallað um heimild til leiðréttinga á kröfugerð. Af dómaframkvæmd Hæstaréttar má ráða að talið sé heimilt að bera upp kröfu fyrir Hæstarétti um að leiðréttar verði augljósar villur í dómsorði héraðsdóms, þrátt fyrir að þær stafi af villum í stefnu. Hefur þessi heimild verið veitt þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 163. gr. EML, sbr. *Hrd. 28. maí 2009 (544/2008)* sem reifaður var í kafla 3.7.

Í 4. mgr. 96. gr. EML er kveðið svo á um að stefndi getur ekki skotið máli, sem dæmt hefur verið sem útivistarmál á hendur honum, til æðra dóms, nema með gagnáfrýjun þegar stefnandi hefur áfrýjað fyrir sitt leyti. Nýti stefndi sér heimild 4. mgr. 96. gr. kemur 2. mgr. 163. gr. EML til kasta varðandi það hvort gagnáfrýjandanum sé heimilt að hafa uppi nýjar kröfur eða málsástæður fyrir Hæstarétti. Þá getur stefndi skv. 4. mgr. 96. gr. beiðst endurupptöku málsins í héraði eftir ákvæðum XXIII. kafla laganna.

Hrd. 25. mars 2010 (486/2009). Á og G voru dæmd í héraði til þess að greiða K ehf. rúmlega þrjár milljónir króna. Á og G áfrýjuðu dóminum til Hæstaréttar en þar var málinu vísað frá þar sem skilyrði skorti til málskots. Í úrskurði Hæstaréttar var talið að sökum þess að þingsókn Á og G hefði fallið niður í héraði eftir að þau skiluðu greinargerð væri þeim ekki heimilt, skv. 4. mgr. 96. EML, að áfrýja dómi héraðsdóms nema með gagnáfrýjun, ef slík aðstaða hefði verið uppi. Þeim hefði hins vegar verið heimilt að leitast eftir endurskoðun á dóminum með beiðni um endurupptöku málsins í héraði eftir ákvæðum XXIII. kafla laganna.

Hrd. 22. janúar 2004, bls. 201 (201/2003). K krafði D um greiðslu eftirstöðva kaupverðs og dráttarvaxta vegna tiltekinna viðskipta. D sótti þing við þingfestingu málsins í héraði en síðar féll þingsókn D niður án þess að varnir kæmu fram af hálfu félagsins. D gagnáfrýjaði málinu til Hæstaréttar á grundvelli 4. mgr. 96. gr. EML. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti mótmælti K að kröfur og málsástæður D kæmust að fyrir Hæstarétti, með vísan til 2. mgr. 163. gr. EML. D hélt því fram að niðurfelling þingsóknar í héraði hefði verið afsakanleg. Hún hafi stafað af þeim misskilningi að D hafi ekki talið þörf á að halda uppi vörnum af sinni hálfu þar sem ljóst hafi verið að meðstefndi myndi taka til varna. Hæstiréttur taldi ekki uppfyllt væru skilyrði 2. mgr. 163. gr. EML og komu málsástæður D því ekki til álita fyrir Hæstarétti.

Þá ber loks að geta heimildar í 113. gr. EML. Samkvæmt ákvæðinu getur dómari lokið máli með áritun á stefnu, hafi stefndi orðið uppvís að útivist. Í 2. mgr. 113. gr. segir að áritun dómara á stefnu skv. 1. mgr. hafi sama gildi og dómur og verði henni ekki skotið til æðri dóms. Á

⁴⁵ Jón Steinar Gunnlaugsson: *Um málskot í einkamálum*, bls. 70-71.

grundvelli XXIII. kafla EML hefur stefndi hins vegar heimild til beiðast endurupptöku í slíkum málum.

4 Lokaorð

Meginreglur einkamálaréttarfars eru gríðarlega þýðingarmiklar hvað viðkemur breytingum eða lagfæringum á kröfugerð frá stefnu. Sú atkvæðamesta er jafnan talin vera útilokunarreglan en rauði þráður hennar er að öll þrætuepli máls skuli liggja fyrir eins fljótt og kostur gefst. Hafi aðili máls sýnt af sér vanrækslu við framsetningu krafna í kröfugerð og leitast við, á síðari stigum máls, að koma að atriðum sem hann hefði alla jafna átt að bera upp í stefnu, má draga þá ályktun af dómaframkvæmd Hæstaréttar að líkast til ekki verði litið til þeirra atriða. Breytingar á kröfugerð sem eru íþyngjandi fyrir stefnda ber að vísa frá dómi, ex officio, nema stefndi samþykki að slík breyting fái að komast að. Þeim breytingum sem eru hins vegar stefnda til hagsbóta hefur verið játuð tilvist, t.d. þegar aðili dregur úr kröfu sinni, en þó með því skilyrði að nýja krafan rúmist innan marka upphaflegu kröfugerðarinnar og grundvallist á röksemdum og málsástæðum sem fyrirfinnast í upphaflegri stefnu.

HEIMILDASKRÁ

Alþingistíðindi

Einar Arnórsson: *Almenn meðferð einkamála í héraði*. Reykjavík 1941

Eiríkur Tómasson. „Réttarfar“. *Um lög og rétt. Helstu greinar íslenskrar lögfræði*. Ritstj. Róbert R. Spanó. 2. útgáfa. Reykjavík 2009, bls. 149-218.

Jón Steinar Gunnlaugsson: *Um málskot í einkamálum*. Reykjavík 2005

Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediktsdóttir: *Einkamálaréttarfar*, 3. útgáfa. Reykjavík 2013

Ólafur Jóhannesson. *Lög og réttur. Þættir um íslenska réttarskipan*. 4. útgáfa. Reykjavík 1985.

Þór Vilhjálmsson: *Réttarfar I*. Reykjavík 1971

Þór Vilhjálmsson: *Réttarfar II*. 2. útgáfa. Reykjavík 1981.

DÓMASKRÁ

Dómar Hæstaréttar:

Hrd. 1961, bls. 610

Hrd. 1981, bls. 10

Hrd. 1981, bls. 1183

Hrd. 1984, bls. 427

Hrd. 1993, bls. 1693

Hrd. 1994, bls. 2051

Hrd. 1994, bls. 2110

Hrd. 1995, bls. 63

Hrd. 1995, bls. 1760

Hrd. 1996, bls. 3531

Hrd. 1997, bls. 13

Hrd. 1998, bls. 2445

Hrd. 13. janúar 1999, bls. 30. (1/1999)

Hrd. 24. ágúst 1999, bls. 3059 (247/1999)

Hrd. 31. maí 2000, bls. 2090 (42/2000)

Hrd. 20. ágúst 2001, bls. 2729 (237/2001)

Hrd. 7. mars 2002, bls. 978 (292/2001)

Hrd. 6. júní 2002, bls. 2183 (251/2001)

Hrd. 3. desember 2003, bls. 4300 (438/2003)

Hrd. 22. janúar 2004, bls. 201 (201/2003)

Hrd. 27. janúar 2005, bls. 325 (350/2004)

Hrd. 21. nóvember 2006, bls. 4965 (582/2006)

Hrd. 22. febrúar 2007 (344/2006)

Hrd. 1. mars 2007 (435/2006)

Hrd. 18. mars 2008 (454/2007)

Hrd. 30. september 2008 (489/2008)

Hrd. 28. maí 2009 (544/2008)

Hrd. 25. mars 2010 (486/2009)

Hrd. 7. október 2010 (470/2009)

Hrd. 16. nóvember 2010 (600/2010)

Hrd. 16. desember 2010 (647/2010)

Hrd. 24. febrúar 2011 (417/2010)

Hrd. 28. apríl 2011 (204/2011)

Hrd. 30. apríl 2012 (266/2012)

Hrd. 3. maí 2012 (248/2012)

Hrd. 7. júní 2012 (524/2011)

Hrd. 20. nóvember 2012 (644/2012)

Hrd. 15. febrúar 2013 (23/2013)

Hrd. 26. febrúar 2013 (113/2013)

Hrd. 4. desember 2015 (751/2015)